



Hamraskóli – heildarmat á skólastarfi

Nóvember 2011
Skóla og frístundasvið Reykjavíkur

Ritstjóri: Birna Sigurjónsdóttir

Ritun skýrslu og fylgiskjala:

Ásgeir Björgvinsson

Birna Sigurjónsdóttir

Guðrún Edda Bentsdóttir

Hildur Björk Svavarsdóttir

Hildur Sigurðardóttir

Una B. Bjarnadóttir

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	3
Inngangur	4
Mat á skólastarfi	4
Skólastarf	7
Námsárangur	7
Stjórnun	9
Skipulag skóladags	10
Samstarf við grenndarsamfélagið	11
Stefna og starfsáætlun	12
Nemendur og líðan	13
Stjórn nemendafélags	15
Reglur og agi	16
Viðhorf foreldra og þátttaka í skólastarfi	18
Verklag	21
Fjölbreyttar leiðir í námi	21
Kennsluhættir	21
Einstaklingsmiðað nám og markviss samvinna	24
Mat á gæðum kennslustunda – vettvangsathuganir	24
Skóli án aðgreiningar - sérkennsla	25
Sérdeild fyrir einhverfa	27
Skólaþróun og mat	28
Virk upplýsingamiðlun	30
Skólanámskrá og námsáætlanir	30
Heimasíða	31
Öruggt, heilnæmt og vistvænt skólaumhverfi	31
Mannauður	33
Starfsánægja og líðan á vinnustað	33
Aðbúnaður	35
Símenntun og starfsþróun	35
Viðhorf starfsmanna til stjórnunar	36
Fjármál	37
Úthlutun fjármagns og rekstraráætlun	37
Fjárhagsleg staða skólans	37
Greining	38
Samantekt ábendinga	38
Heimildir	45
Fylgiskjöl	45

Inngangur

Í skýrslu þessari verður greint frá niðurstöðum heildarmats í Hamraskóla sem fram fór í september/október 2011. Matið var framkvæmt af starfsfólki í stýrihópi um heildarmat Skóla- og frístundasviðs. Hamraskóli var einn af sex skólum þar sem Skóla- og frístundasvið ákvað að fram færi heildarmat á skólastarfi skólaárið 2011-2012. Gagna var aflað með viðtölum, vettvangsathugunum og rýnihópum ásamt því að farið var yfir gögn um skólastarfið.

Leiðarljós við matið var: *Að börnum í borginni líði vel, fari stöðugt fram og öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf.*

Matið er liður í að styðja við skólastarf og kemur til viðbótar sjálfsmati skólanna. Stefna Reykjavíkurborgar í menntamálum er höfð til viðmiðunar í matinu auk annarra ramma um skólastarf; laga, reglugerða, aðalnámskrár og stefnumótunar borgarinnar í starfsmannamálum og mannréttindamálum.

Skólastjóri Hamraskóla er Yngvi Hagalínsson og aðstoðarskólastjóri er Sigurlaug Hrund Svavarsdóttir. Í Hamraskóla eru um 205 nemendur í 1.-10. bekk skólaárið 2011-2012. Um 93% af fjölda nemenda sem á lögheimili í skólahverfinu hafa sótt skóla í Hamraskóla. Gert er ráð fyrir að nemendur í unglingsáldri Hamraskóla flytjist í Foldaskóla haustið 2012.

Í skólanum starfa 43 starfsmenn skólaárið 2011-2012 í 38 stöðugildum, þar af kennarar í 23,4 stöðugildum. Samkvæmt þessu eru um 4,8 nemendur á hvert stöðugildi sem er lægra en í borginni í heild að meðaltali (7,1). Ef aðeins er miðað við kennara í Hamraskóla eru um 8,8 nemandi á hvert stöðugildi sem er einnig lægra en í borginni að meðaltali (11,3).

Hamraskóli tók til starfa haustið 1991. Nemendur voru þá einungis í 1.-7. bekk. Árið 1992 bættist við 8. bekkur og svo 9. og 10. bekkur. Árið 1995 voru nemendur útskrifaðir frá skólanum í fyrsta sinn með grunnskólapróf. Frá því að skólinn tók til starfa 1991 hefur hann verið stækkaður í tvígang. Árið 1997 var byggð við hann viðbygging á tveimur hæðum til að mæta auknum nemendafjölda og árið 2003 var svo kjallari viðbyggingar tekinn í gagn. Skólinn er nú einsetinn grunnskóli fyrir 1.-10. bekk. Við skólann er starfrækt sérdeild fyrir einhverfa (Heimasíða Hamraskóla. Um skólann).

Flestir hafa nemendur verið um 404 árið 1992 en sl. þrjú ár hefur nemendafjöldi verið um 220-230.

Heildarstærð skólans er um 4.422m² án íþróttasalar.

Mat á skólastarfi

Ákvæði um mat og eftirlit með gæðum skólastarfs er í 35.gr. grunnskólalaga nr. 91/2008, þar segir: Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskóla eru að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda
- Tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla
- Auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum
- Tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum

Ákvæði um innra mat er í 36. gr. laganna, en þar segir: „Hver skóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 35. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á.“

Ákvæði um ytra mat sveitarfélaga er í 37. gr., þar segir: „Sveitarfélög sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs, sbr. 5. og 6. gr., og láta ráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólahalds, innra mat skóla, ytra mat sveitarfélaga, framgang skólastefnu sinnar og áætlanir um umbætur. Sveitarfélög skulu leitast við að fylgja eftir innra og ytra mati þannig að slíkt mat leiði til umbóta í skólastarfi.“

Um ytra mat menntamálaráðuneytis er fjallað í 38. gr., þar segir m.a.: „Menntamálaráðuneyti annast greiningu og miðlun upplýsinga um skólahald í grunnskólum á grundvelli upplýsinga frá sveitarfélögum skv. 37. gr. og með sjálfstæðri gagnaöflun. Menntamálaráðuneyti gerir áætlun til þriggja ára um kannanir og úttektir sem miða að því að veita upplýsingar um framkvæmd laga þessara og aðalnámskrár grunnskóla og aðra þætti skólastarfs. ...“

Menntaráð ákvað vorið 2007 að láta fara fram heildarmat í 6-7 grunnskólum á ári. Skipaður var stýrihópur heildarmats á Menntasviði til að sjá um framkvæmd matsins undir stjórn Birnu Sigurjónsdóttur, verkefnisstjóra. Alls hefur heildarmat farið fram í 28 grunnskólum í Reykjavík á árunum 2007-2011.

Markmið heildarmats

- Aðstoða skóla í ljósi eigin sjálfsmats til að efla skólastarfið og styrkja innviði skólans
- Styrkja skólabrag og búa til samhljóm í skólanum
- Gera góðan skóla betri með markvissri hvatningu í starfi
- Veita skólayfirvöldum upplýsingar um gæði skólastarfs og hvernig skólar framfylgja stefnu borgarinnar í menntamálum

Tímarammi

Gert er ráð fyrir að allt matsferlið taki sex til sjö vikur og viðtöl og vettvangsathuganir fari fram á 1-2 vikum innan þess tíma.

- | | |
|---|-------------|
| • Ákvörðun tekin um athugun í skóla | vika 1 |
| • Haft samband við skólann og látið vita af fyrirhugaðri heimsókn | vika 1 |
| • Upplýsingum safnað saman/prófill skólans/heimasíða skoðuð | vika 1 |
| • Viðtöl við skólastjórnendur, kynning fyrir starfsfólki | vika 2 |
| • Vettvangsathuganir, rýnihópar | vika 3 |
| • Úrvinnsla og skýrslugerð | vika 4-5 |
| • Skóla gefst færi á að lesa yfir skýrslu | vika 5 |
| • Skýrsluskil – formleg | vika 6 |
| • Upplýsingar til Skóla- og frístundaráðs | í lok annar |

Aðferðir við gagnaöflun:

- Viðtöl við stjórnendur og fulltrúa kennara, fundur með fulltrúum foreldra, fundur með stjórn nemendafélags
- Rýnihópar – stjórnendur, kennarar (tveir til þrír hópar), annað starfsfólk, foreldrar, nemendur (tveir til þrír hópar)
- Vettvangsathuganir með gátlista
 - Athugun á skólabrag og kennslu í kennslustundum og hléum
 - Athugun í skóla

- Athugun í skólastofu
- Farið yfir gögn:
 - Skólanámskrá og starfsáætlun skólaársins þ.m.t.:
 - Skipurit og starfslýsingar
 - Mannréttindaáætlun
 - Áætlun um foreldrasamstarf
 - Áætlun um starf nemendafélags
 - Yfirlit yfir forföll nemenda og kennara fyrir síðustu heila önn
 - Sjálfsmatskýrslu og umbótaáætlun
 - Heimasíðu skólans
 - Stundaskrár bekkja/árganga 2011-2012 (eins og þær eru afhentar nemendum)
 - Yfirlit yfir valgreinar (kenndar á skólaárinu)
 - Kennsluáætlanir 2011-2012 – sýnishorn af yngra, mið- og elsta stigi
 - Sýnishorn af námsmatsblöðum fyrir öll stig
 - Símenntunaráætlun skólans
 - Upplýsingar um öryggisþætti og áhættumat
 - Yfirlit yfir stöðu skólans í könnunum, skimunum og samræmdum prófum
 - Önnur þau gögn sem skólinn vill leggja fram og varpa ljósi á gæði skólastarfsins

Skýrsla – endurgjöf – eftirfylgd

- Gerð verður ítarleg skýrsla um hvern skóla sem skapar umræður innan skólans, er jákvæð og bendir á styrkleika skólans og veikleika.
- Skýrslan afhent skólastjórnendum á fundi með sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs. Þeir fá tækifæri til að koma með athugasemdir sem tekið er tillit til við lokagerð.
- Fundað með skólastjórnendum og niðurstöður kynntar á fundi starfsmanna, fulltrúum foreldra og fulltrúum frá þjónustumiðstöð er boðið að sækja þann fund.
- Skólinn gerir umbótaáætlun sem byggir á niðurstöðum matsins og skilar til sviðsstjóra.

Frekari eftirfylgni:

- Komið á samstarfi skóla/netverki um ákveðna þætti sem þarf að vinna með.
- Skólinn getur fengið ráðgjöf frá Skóla- og frístundasviði eða þjónustumiðstöðvum.

Skýrslan er vinnuskjal skólans, en skólar eru hvattir til að birta hana á heimasíðu.


Skólastarf

Námsárangur

Skimanir og árangur í samræmdum prófum

Lesskimunarprófið Læsi var lagt fyrir 12 af 14 nemendum í 2. bekk Hamraskóla vorið 2011. Allir nemendurnir sem prófið var lagt fyrir töldust geta lesið sér til gagns¹ en meðaltal í grunnskólum Reykjavíkur var um 71%.

Meðalárangur (hlutfall réttra atriða á prófinu) nemenda í 2. bekk Hamraskóla vorið 2010 var 81% sem er yfir meðalárangri allra nemenda í Reykjavík sem þátt tóku í prófinu (73%). Þegar prófið var lagt fyrir 2. bekk vorið 2010 var Hamraskóli með meðalárangurinn 70% og þá gátu 62% nemenda lesið sér til gagns. Myndin sýnir meðalárangur Hamraskóla frá árinu 2007.




Ábendingar

- Meðaltalsárangur nemenda í lestri í 2. bekk 2011 er hærri en í grunnskólum Reykjavíkur að meðaltali (81% miðað við 73% í borginni allri) og allir nemendur í Hamraskóla teljast geta lesið sér til gagns (71% í borginni allri).
- Árangur í lesskimun vorið 2011 er sá besti frá upphafi þátttöku Hamraskóla en nemendur sem lagt er fyrir hafa aldrei verið færri.

¹ Þeir nemendur teljast geta lesið sér til gagns sem ná a.m.k. 65% árangri á prófinu.

Stærðfræðiskimunin Talnalykill var lögð fyrir nemendur í 3. bekk í 30 grunnskólum í Reykjavík í nóvember 2010. Meðalárangur nemenda í Hamraskóla það ár í fyrsta þrepi, sem er þátturinn reikningur og aðgerðir, var mælitatalan 11,4 sem er aðeins betri árangur en meðaltal allra grunnskólanna en það var 11,0. Í Hamraskóla stóðust 81% nemenda viðmiðin í fyrsta þrepi (72% í Reykjavík að meðaltali) og einn nemandi taldist líklegur til að þurfa stuðning í stærðfræði.



Ábendingar

- Stærðfræðiskimun með Talnalykli var lögð fyrir nemendur í 3. bekk í Hamraskóla í nóvember 2010. Meðaltalsárangur var mælitatalan 11,4 en meðalárangur nemenda í Reykjavík í þeim þætti prófsins var mælitatalan 11,0.
- Í Hamraskóla stóðust 81% nemenda viðmiðin í fyrsta þrepi sem eru mun fleiri en árið 2009 og aðeins einn nemandi var líklegur til að þurfa stuðning í stærðfræði.

Samræmd könnunarpróf – framfarastuðull²

Meðaltalsárangur nemenda í Hamraskóla á samræmdum könnunarprófum 2010 í 4. og 7. bekk er undir landsmeðaltali og meðaltali borgarinnar. Árangur nemenda í 4. bekk er lakari en oftast áður í Hamraskóla og er töluvert langt undir meðaltali í Reykjavík. Árangur nemenda í 10. bekk er mun betri og er bæði yfir landsmeðaltali og meðaltali borgarinnar.

Framfarastuðull nemenda í 7. bekk Hamraskóla 2010 er hár í íslensku og bendir til mikilla framfara frá 4. bekk. Framfarastuðull í 7. bekk í íslensku hefur verið í meðallagi fram til þessa. Framfarastuðull í stærðfræði í 7. bekk sýnir venjulegar framfarir nemenda en þessi stuðull hefur sveiflast nokkuð undanfarnin ár, frá 0,94- 1,03. Í 10. bekk er framfarastuðull hár í báðum greinum og í íslensku bendir framfarastuðull til mikilla framfara frá 7. bekk (Skýrsla um samræmd könnunarpróf. 2010).

² Framfarastuðull gefur vísbendingu um hvort frammistaða nemenda í skólanum hafi breyst frá því árgangurinn þreytti samræmd próf fyrr á námsferlinum. Talan 1.00 merkir venjulegar framfarir nemenda. Tölur 0.94 eða lægri og 1.06 eða hærri benda til mikilla breytinga á stöðu nemenda.

	Meðaltal 2010	Meðaltal 2005-2010	Reykjavík 2010	Framfarastuðull
4. bekkur:				
Íslenska	23,8	27,9	31,2	-
Stærðfræði	24,7	28,9	30,5	-
7. bekkur :				
Íslenska	28,6	29,4	30,8	1,05
Stærðfræði	29,2	30,8	30,4	0,98
10. bekkur:				
Íslenska	32,5	30,2	30,6	1,05
Stærðfræði	33,0	31,0	30,9	1,03
Enska	31,9	31,4	31,0	-

Ábendingar

- Meðaltalsárangur nemenda í Hamraskóla á samræmdum könnunarprófum í 10. bekk haustið 2010 er í öllum greinum yfir landsmeðaltali og meðaltali borgarinnar.
- Meðaltalsárangur er sérstaklega lakur í 4. bekk og meðaltal síðustu 5 ára er undir meðaltali borgarinnar og landsmeðaltali í þessum árgangi.
- Framfarastuðull nemenda í 7. bekk Hamraskóla 2010 er hár í íslensku og bendir til mikilla framfara frá 4. bekk.
- Í 10. bekk er framfarastuðull sömuleiðis hár í báðum greinum og í íslensku bendir framfarastuðull til mikilla framfara frá 7. bekk.

Árangur í Pisa 2009

PISA er umfangsmikil alþjóðleg rannsókn á hæfni og getu 15 ára nemenda í lestri, náttúrufræði, stærðfræði og þrautalausn. Í PISA 2009 var lögð áhersla á mælingu á lesskilningi nemenda, en einnig var hluti prófsins endurtekning á mælingum í stærðfræði og náttúrufræði (upplýsingar fengnar af heimasíðu Námsmatsstofnunar www.namsmat.is).

Skoðuð hefur verið staða grunnskóla í Reykjavík út frá árangri í PISA 2009. Hamraskóli er í hópi þeirra 5 skóla sem fengu lakasta útkomu í lesskilningi, stærðfræði og náttúrufræði og var í öllum greinum nokkuð neðar en 2006 þegar skólinn tók síðast þátt. Þátttaka nemenda í rannsókninni var góð, 91% af 15 ára nemendum skólans tóku þátt.

Ábendingar

- Hamraskóli er í hópi 5 skóla sem fá lægsta útkomu í lesskilningi, stærðfræði og náttúrufræði í Pisa 2009. Þátttaka nemenda í rannsókninni var 91%.

Stjórnun

Skólástjóri leggur áherslu á að öllum líði vel í skólanum og komið sé til móts við þarfir nemenda, hann vill einnig að samskipti einkennist af þolinmæði og umburðarlyndi og gagnkvæmri virðingu.

Hann vill viðhafa lýðræðislega stjórnunarhætti þannig að ákvarðanir séu teknar af hópnum „þegar mögulegt er“ og flestar ákvarðanir stjórnenda eru teknar sameiginlega, að hans sögn.

Samskipti við foreldra hafa fengið aukið vægi í skólastarfinu undanfarin ár og er það breyting til batnaðar að hans mati.

Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, skrifstofustjóri og deildarstjóri mynda stjórnunarteymi skólans og hittast á fundi einu sinni í viku auk þess sem þau hafa mikið óformlegt samráð, „erum í rauninni alltaf að tala saman“, segir skólastjóri. Aðstoðarskólastjóri leiðir faglegt starf í skólanum, heldur utan um stoðþjónustu og sér um innkaup á námsgögnum auk annarra verkefna. Deildarstjóri fundar með kennurum á yngra og eldra stigi um málefni hvors stigs um sig og skólastarfið framundan hverju sinni.

Skipurit skólans og stuttar starfslýsingar eru í starfsáætlun skólans, þar er gerð grein fyrir helstu verkefnum stjórnenda og starfsmanna.

Umsjónarmaður hefur umsjón með húsum og sinnir almennu viðhaldi skólahúsnæðis Hann er næsti yfirmaður skólaliða og verkstýrir þeim. Fastir fundir eru með stjórnendum, umsjónarmanni og skólaliðum mánaðarlega.

Fastur fundartími er einu sinni í viku fyrir starfsmannafundi sem eru tvisvar í mánuði og á móti eru stigsfundir kennara á yngra og eldra stigi. Kennarafundir eru sjaldnar enda margt leyst á stigsfundum sem annars hefði verið tekið fyrir á kennarafundi að sögn skólastjóra. Stefnumótunarvinna og stærri mál eru tekin fyrir á starfsmannafundum eða kennarafundum eftir atvikum.

Í spurningu um stjórnun skólans í foreldrakönnun 2010 töldu 66% foreldra skólanum vera vel stjórnað, þar af sögðust 21% telja skólanum vera mjög vel stjórnað. Þessi niðurstaða er lægri en að meðaltali í borginni en hefur þó hækkað frá síðustu könnun 2008.

Starfsmenn í rýnihópum eru fremur jákvæðir gagnvart stjórnendum, þeir eru sagðir aðgengilegir fyrir starfsmenn, gott að leita til þeirra og þeir eru sýnilegir, sérstaklega skólastjóri sem undanfarin ár hefur gert sér far um að taka á móti yngri nemendum á morgnana. Stjórnendur koma minna inn á unglíngastig. Helsta athugasemd starfsmanna er að stjórnendur þyrftu að vera duglegri að hrósa fyrir vel unnin störf. Nemendur í rýnihópum þekkja stjórnendur og þeim finnst skólastjórinn skemmtilegur og segja að hann komi oft inn í stofu, „en hann er ekkert inni í stofu lengi“, bæta þau við í rýnihópi unglínga.

Skipulag skóladags

Skólahúsið og skrifstofa skólans er opin frá kl. 7:45 til kl. 15:30 á starfstíma skóla, skóladagur nemenda hefst með kennslu kl. 8:10. Skóladegi lýkur kl. 13:20 hjá 1.-4 bekk. Í 5.-7. bekk lýkur skóladegi kl. 13:50 flesta daga. Í 6. og 7. bekk er sundtími eftir þennan skólatíma og föstudagur á móti einum tíma styttri. Dagar eru mislangir hjá 8.-10. bekk og valgreinar raðast í lok dagsins. Frímínútur eru í 20 mínútur milli 2. og 3. stundar og 10 mínútur milli 4. og 5. stundar hjá eldri nemendum. Nemendur í 1.-5. bekk fá einnig 30 mínútna frímínútur/útvíst undir loka dags frá kl. 12:40-13:10. Matarhlé í hádegi er í 20 mínútur á bilinu frá 11:10-11:30 í 1.-5. bekk og 30 mínútna matarhlé hjá 6.-10. bekk frá 12:40-13:10.

Skoðaðar voru stundatöflur bekkja og hópa. Á töflu 1.-4. bekkja eru skráðir 30 tímar í þremur vinnulotum, þar af 10 mínútur eftir frímínútur í lok dags til frágangs. Á töflu 5.-7. bekkja 35 nemendatímar, í 8. bekk 39 tímar og í 9.-10. bekk eru skráðir 38 tímar, þar af 8 tímar í valgreinar. Skóladagurinn er skipulagður þannig að kennt er í 70-80 mínútna lotum hjá öllum árgöngum. Stundatöflur eru samfelldar í öllum árgöngum en dagar mislangir á

unglingastigi. Sundtímar falla inn í töflu yngri nemenda en eru í beinu framhaldi af skólatíma hjá eldri nemendum.

Samstarf við grenndarsamfélagið

Haustið 1999 komst formlegt samstarf á milli leikskólans Klettaborgar og Hamraskóla. Einnig er unnið að því að efla samstarf við aðra leikskóla í hverfinu.

Í samstarfinu felst meðal annars:

- Gagnkvæmar heimsóknir elstu nemenda Klettaborgar og 6 ára nemenda Hamraskóla.
- Heimsókn grunnskólakennara í Klettaborg.
- Íþróttakennari Hamraskóla býður leikskólabörnum í íþróttatíma.
- Jólakort milli nemenda skólanna.
- Heimsókn leikskólakennara í Hamraskóla.
- Heimsóknir leikskólabarna í skólann, í kennslustund, nesti og frímínútur.
- Þátttaka leikskólabarna í samsöng skólans.
- Leikir nemenda í 1. bekk og leikskólabarna á skólalóð að vori.
- Vorskóli fyrir verðandi nemendur Hamraskóla.

Nemendur Hamraskóla taka þátt í flestum þeim viðburðum sem sameiginlegir eru í grunnskólum Reykjavíkur. Þar má nefna: spurningakeppni grunnskólanna, stóru upplestrarkeppnina, skákmót, Skrekk, knattspyrnukeppni, Skólahreysti o.fl.

Nemendum einstakra grunnskóla í Grafarvogi býðst að taka valáfanga við aðra grunnskóla hverfisins með það að markmiði að auka möguleika nemenda á vali og námi við hæfi.

Náíð samstarf er milli grunnskóla í Grafarvogi og á Kjalarnesi. Má þar nefna sameiginleg þróunarverkefni í tengslum við læsi og agastjórnun, sameiginlega samstarfsdaga starfsmanna, reglulega samstarfsfundi námsráðgjafa, menntaráðstefnu hverfis og fleira.

Nemendur í 10. bekk geta valið nokkrar námsgreinar á framhaldsskólastigi í samstarfi við Borgarholtsskóla. Einnig er boðið upp á valáfanga í fjarnámi við Fjölbrautaskólann í Ármúla. Námið er metið til eininga.

Skólinn er góðu samstarfi við ýmsar stofnanir og fyrirtæki í hverfinu s.s. Grafarvogskirkju, Borgarholtsskóla, Borgarbókasafn, Sorpu, íþróttafélög, lögreglu sem og aðra grunnskóla. Nemendur skólans heimsækja stofnanir í grennd skólans, nemendur yngra stigs fara til dæmis í heimsókn í Grafarvogskirkju fyrir jól. Skólinn tekur einnig þátt í árlegum Grafarvogsdegi (Skólanámskrá Hamraskóla; Tengsl við grenndarsamfélag).

Ábendingar

- Skólastjóri leggur áherslu á að öllum líði vel í skólanum og komið sé til móts við þarfir nemenda. Hann vill viðhafa lýðræðislega stjórnunarhætti þannig að ákvarðanir séu teknar af hópnum.
- Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, skrifstofustjóri og deildarstjóri mynda stjórnunarteymi skólans og hittast á fundi einu sinni í viku auk þess sem þau hafa mikið óformlegt samráð.
- Skipurit skólans og stuttar starfslýsingar eru í starfsáætlun skólans, þar er gerð grein fyrir helstu verkefnum stjórnenda og starfsmanna.
- Fastur fundartími er einu sinni í viku fyrir starfsmannafundi sem eru tvisvar í mánuði og á móti eru stigsfundir kennara á yngra og eldra stigi. Kennarafundir eru sjaldnar.

- Í spurningu um stjórnun skólans í foreldrakönnun 2010 töldu 66% foreldra skólanum vera vel stjórnað, þar af sögðust 21% telja skólanum vera mjög vel stjórnað. Þessi niðurstaða er lægri en að meðaltali í borginni.
- Starfsmenn í rýnihópum eru fremur jákvæðir gagnvart stjórnendum, þeir eru sagðir aðgengilegir fyrir starfsmenn, gott að leita til þeirra og þeir eru sýnilegir, sérstaklega skólastjóri.
- Nemendur í rýnihópum þekkja stjórnendur, þeim finnst skólastjórinn skemmtilegur og segja að hann komi oft inn í stofu.
- Skoðaðar voru stundatöflur bekkja og hópa. Á töflu 1.-4. bekkja eru skráðir 30 tímar í þremur vinnulotum. Á töflu 5.-7. bekkja 35 nemendatímar, í 8. bekk 39 tímar og í 9.-10. bekk eru skráðir 38 tímar, þar af 8 tímar í valgreinar.
- Skóladaurinn er skipulagður þannig að kennt er í 70-80 mínútna lotum hjá öllum árgöngum. Stundatöflur eru samfelldar í öllum árgöngum en dagar mislangir á unglíngastigi.
- Haustið 1999 komst formlegt samstarf á milli leikskólans Klettaborgar og Hamraskóla og hefur haldist síðan. Einnig er unnið að því að efla samstarf við aðra leikskóla í hverfinu.
- Nemendur Hamraskóla taka þátt í viðburðum s.s. spurningakeppni grunnskólanna, stóru upplestrarkeppninni, skákmótum, Skrekk, knattspyrnukeppni og Skólahreysti.
- Náíð samstarf er milli grunnskóla í Grafarvogi og á Kjalarnesi. Má þar nefna sameiginleg þróunarverkefni í tengslum við læsi og agastjórnun o.fl.
- Skólinn er góðu samstarfi við ýmsar stofnanir og fyrirtæki í hverfinu.

Stefna og starfsáætlun

Starfsáætlun Hamraskóla fyrir skólaárið 2011-2012 var yfirfarin á grunnskólaskrifstofu Menntasviðs vorið 2011. Hún er vel unnin og framsetning með ágætum og í fullu samræmi við þær kröfur sem gerðar eru til starfsáætlana grunnskóla Reykjavíkur (sjá meðfylgjandi gátlista um starfsáætlun).

Í skólanámskrá er sett fram leiðarljós í starfi skólans; þar kemur fram að stefnt er að einstaklingsmiðuðu námi sem tekur mið af fjölbreyttum hæfileikum nemenda og eru kennsluhættir og námsmat í samræmi við það. Áhersla er lögð á faglega samvinnu kennara og sameiginlega ábyrgð á námshópum. Samvinna kennara gefur tækifæri til sveigjanleika í skólastarfinu og eykur líkur á að mögulegt sé að mæta þörfum hvers og eins. Nemendur læra að bera aukna ábyrgð á eigin námi undir handleiðslu kennara (Skólanámskrá, sýn, stefna og sérstaða skólans).

Einkunnarorð skólans eru: Góðvild – Ábyrgð Tillitssemi.

Stefna Hamraskóla tekur mið af lögum um grunnskóla, Aðalnámskrá grunnskóla og stefnu Reykjavíkurborgar í fræðslumálum. Skólinn skal frammar öllu örva sjálfstæði og ábyrgð nemenda, gagnrýna hugsun og gera þá færa um að velja og hafna, segir í skólanámskrá. Leiðir skólans að markmiðum eru tilgreindar eftirfarandi:

- Fjölbreyttar kennsluáðferðir, námsefni og námsmat sem hæfir þroska nemenda.
- Jákvæð endurgjöf þegar vel er gert þannig að nemendur verði virkir þátttakendur jafnt í samvinnu sem og einstaklingsvinnu.
- Í skólanum séu skapaðar þær aðstæður að nemendum líði vel og sýni hver öðrum umburðarlyndi.
- Að nemendur beri ábyrgð á gerðum sínum og námi.

- Leggja áherslu á holla lífshætti s.s. mataræði, svefn, heilsueflingu og hreinlæti.
- Áhersla lögð á forvarnarstarf og gott samstarf heimila og skóla.
- Fjölbreytt tólmstunda- og félagsstarf.
- Jákvæð agastjórnun.
(Skólanámskrá, sýn, stefna og sérstaða skólans).

Ábendingar

- Starfsáætlun Hamraskóla fyrir skólaárið 2011-2012 var yfirfarin á grunnskóla-skrifstofu Menntasviðs haustið 2011. Hún er vel unnin og framsetning með ágætum og í fullu samræmi við þær kröfur sem gerðar eru til starfsáætlana grunnskóla Reykjavíkur.
- Í skólanámskrá er sett fram leiðarljós í starfi skólans; þar kemur frama að stefnt að einstaklingsmiðuðu námi sem tekur mið af fjölbreyttum hæfileikum nemenda og eru kennsluhættir og námsmat í samræmi við það.
- Einkunnarorð skólans eru: Góðvild – Ábyrgð – Tillitssemi.
- Skólinn skal framar öllu örva sjálfstæði og ábyrgð nemenda, gagnrýna hugsun og gera þá færa um að velja og hafna, segir í skólanámskrá.

Nemendur og líðan

Í könnun sem lögð var fyrir nemendur í 5.-7. bekk í grunnskólum Reykjavíkur vorið 2009 þar sem spurt var um líðan nemenda í kennslustundum var niðurstaðan í Hamraskóla sú að 87% nemenda svöruðu að þeim liði mjög eða frekar vel í kennslustundum. Það er aðeins undir meðaltali allra grunnskóla í landinu sem var 95% (Ungt fólk, 2009).

Í foreldrakönnun árið 2010 mátu foreldrar í Hamraskóla líðan barna sinna í skólanum almennt upp á skorið 4,0 sem jafngildir því að þar líði þeim að meðaltali *oftast vel*. Hlutfallið var hærra hvað varðar líðan í kennslustundum, eða 4,1, en lægra þegar spurt var um líðan í frímínútum eða 3,8. Hér voru gildin ýmist hærri, jafnhá eða lægri en þau voru árið 2008. Gagnvart meðaltölum borgarinnar voru þau jafnhá eða lægri.

Skólinn er þátttakandi í Skólapúlsinum, vefkerfi sem miðar að því að veita skólastjórnendum stöðugan aðgang að nýjum upplýsingum sem aflað er mánaðarlega um þætti sem tengjast virkni nemenda og líðan þeirra í skólanum og um skóla- og bekkjaranda. Niðurstöður um stöðu nemenda í 6.-10. bekk eru bornar saman við niðurstöður fyrri mælinga í skólanum og við landsmeðaltal sem gefur skýrar vísbendingar um þróun mála í skólanum og stöðu nemenda í skólanum miðað við nemendur í öðrum skólum í landsins.³

Í könnun Skólapúlsins sem lögð var fyrir úrtak nemenda úr 6.-10. bekk Hamraskóla í október 2011 hefur ánægja af lestri lækkað örlítið frá síðustu mælingum (vor 2011) og er nú marktækt undir landsmeðaltali og neðarlega í samanburði sambærilegra skóla. Töluverður munur er á ánægju í lestri eftir árgöngum þar sem 6.bekkur er töluvert yfir landsmeðaltali, 8. bekkur jafn landsmeðaltali en hinir bekkirnir töluvert undir því. Strákar í Hamraskóla eru lengra undir landsmeðaltali stráka en stelpur undir landsmeðaltali stelpna. Áhugi á stærðfræði hefur aukist frá síðustu mælingu og er rétt yfir meðaltali landsins. Í samanburði sambærilegra skóla er skólinn einnig yfir meðaltali. Sérstaklega er áhugi á stærðfræði mikill í 8.bekk og eins eru stelpur í Hamraskóla yfir landsmeðaltali stúlkna. Trú á eigin vinnubrögð í námi og á eigin

³ Upplýsingar sóttar á vef verkefnisins, www.skolapulsinn.is 8. janúar 2009.

námsgetu lækkaði nokkuð milli mælinga og er undir landsmeðaltali og meðaltali sambærilegra skóla, nær eingöngu vegna niðurstaðna í mælingu hjá nemendum í 7. bekk.

Spurningar er varða líðan nemenda; sjálfsálit, stjórn á eigin lífi, kvíða og vanlíðan hafa þróað ólíkt, en kvíði og vanlíðan hefur aukist milli mælinga meðan einelti er minna og sjálfsálit betra. Tveir fyrrnefndu kvarðarnir lýsa mögulega meira einstaklingslíðan meðan hinir byggja einnig á samskiptum nemenda við aðra. Kvíði er mestur í 7.-9. bekk og töluvert meiri hjá stelpum en strákuum og yfir landsmeðaltali. Nær enginn kynjamunur er á vanlíðan en nemendur í 6. bekk mælast hærri en aðrir bekkir.

Spurningar í Skólaláttinum sem varða skóla- og bekkjaranda koma einnig misvel út og er munur á svörum árganga oft verulega mikill. Þannig er marktæk breyting til góðs hvað snertir samsömun við nemendahópinn, aga í tímum og viðhorf til heimanáms en samband nemenda við kennara lækkar verulega í 7. og 9. bekk og er komið töluvert undir landsmeðaltal. Stuðningur kennara við nemendur fer hæst í 6. bekk og er þar yfir landsmeðaltali en lægst í 9. bekk þar sem meðaltalið er nær helmingi lægra en landsmeðaltal.

Skólinn vinnur eftir eineltisáætlun og eineltisteymi er starfandi við skólann og er hlutverk þess að veita stuðning við úrlausn eineltismála (Heimasíða; Eineltisáætlun). Samkvæmt nýjustu mælingu í Skólaláttinu hefur dregið úr einelti og það er minna en almennt gerist í skólum.

Af 46 foreldrum í Hamraskóla er svöruðu spurningu um hvort barn þeirra hefði verið lagt í einelti í skólanum á síðustu 12 mánuðum, sögðu 7 eða 15,2%, svo vera. Meðaltalið fyrir skólana alla var 15,8%. Þegar spurt var um einelti sem hefði átt sér stað fyrir meira en 12 mánuðum bættust 10 foreldrar við. Allir þessir voru spurðir um hvernig skólinn hefði tekið á málinu. Sex (40%) sögðu að skólinn hefði brugðist fljótt og vel við eineltinu, 4 (27%) sögðu að skólinn hefði brugðist vel en ekki nógu fljótt við og 5 (33%) sögðu að skólinn hefði ekki tekið á málinu. Niðurstaðan í skólanum varðandi viðbrögðin var betri en niðurstaðan í borginni allri. Foreldrarnir sem tóku þátt í könnuninni mátu líðan barna sinna í kennslustundum og skólanum almennt vera góða eða 4,0 - 4,1 af 5 mögulegum sem er sambærilegt og í öðrum skólum.

Nemendur í rýnihópum á yngsta stigi voru ánægðir með kennara sína, þeir væru skemmtilegir þó sumir væri strangir. Nemendurnir töldu betra „ef kennararnir eru rólegir og ekki með mikil læti.“ Nemendur töldu sig fá hrós frá kennurum sínum bæði með orðum og stjórnun. Yngri nemendurnir sögðust þekkja skólareglurnar og allir vissu hvað gerðist ef þær væru brotnar. Þau sögðu að það væri góður vinnufriður yfirleitt í bekknum og þau voru ánægð með námið. Þeim líði almennt vel í skólanum og flestir væru góðir vinir. Þó væri stundum of fáir af hverju kyni í árgangi.

Þó nokkrar umræður urðu meðal nemenda á miðstigi um námið og voru skiptar skoðanir þar sem sumir vildu meiri krefjandi viðfangsefni („ekki bara aukaverkefni“) meðan aðrir voru ánægðir með stöðuna. Þau voru flest ánægð með kennara sína þó sumir mættu gefa þeim meiri tíma til að hugsa upp svör við spurningum, þau fengju hrós fyrir vel unnið verk en gangaverðir væru stundum strangir. Nokkur óánægja var í þessum hópi með matinn, bæði matseðil og skammtastærðir/ábót. Þessum nemendum fannst vinnufriður mismikill og punktakerfi virkaði ekki fyrir alla nemendur. Kennarar með besta vinnufriðinn væru líka með skemmtileg verkefni. Góður andi væri í skólanum þó þau þekktu dæmi um nemendur sem væru ekki alltaf vinir. Bæta þyrfti skólalóðina.

Nemendur á unglingsstigi voru almennt ánægðir með kennsluna, námið væri ekkert of erfitt og heimanámið passlegt. Kennararnir væru yfirleitt vel að sér um efnið sem þeir væru að kenna en kannski misánægðir með að kenna sum fög; „þá væri stundum erfitt að hrífa krakkana með sér.“ Unglingastignemendur töldu sig fá hrós frá flestum kennurum og oftast væri vinnufriður. Þeim fannst agakerfið virka vel hjá litlu krökkunum en ekki þyrfti að gera svona mikið úr því á unglingsstigi. Líðan í skólanum væri góð og ekkert einelti að þeirra mati því flestir hefðu verið saman frá því í leikskóla. Minnst var á litlar skammtastærðir fyrir unglunga en annars væri maturinn fínn. Þeim fannst að það mætti hvetja þau meira til að mæta á sameiginleg böll í Grafarvogi þar sem mjög fáir væru að mæta á böll í félagsmiðstöðinni þeirra. Þau þekktu skólaráðið og þá nemendur sem þar sátu.

Ábendingar

- Skoða þarf vel niðurstöður Skólapúlsins sem lögð var fyrir úrtak nemenda úr 6.-10. bekk Hamraskóla í október 2011 þar sem mikill munur getur verið á mikilvægum mælikvörðum hvað snertir t.d. líðan nemenda eftir árgöngum og kynjum.
- Einnig þarf að skoða vel samband og stuðning kennara gagnvart nemendum sem hefur lækkað og er töluvert undir landsmeðaltali.
- Góðar niðurstöður hvað snertir nemendahópin má sjá í jákvæðri þróun í mælingum á einelti, samsömun nemendahóps og aga í skólanum.
- Nýta má niðurstöður Skólapúlsins um áhuga nemenda á námsgreinum til að hífa upp þá bekk sem koma marktækt lakar út en aðrir í skólanum.
- Foreldrar barna í Hamraskóla mátu líðan barna sinna í skólanum almennt góða og sambærilega og í öðrum skólum í Reykjavík. Um 15% sögðu barn sitt hafa lent í einelti sem er svipað og annars staðar í skólum borgarinnar.
- Allir nemendahópar töluðu vel um kennara sína og fannst námið síst of erfitt. Vinnufriður væri góður og þeim væri hrósað fyrir vel unnin verkefni.
- Nemendum sem rætt var við leið almennt vel og voru ánægðir með aðstöðu í skólanum en skoða mætti athugasemdir þeirra um mötuneytið.

Stjórn nemendafélags

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 segir í 10. grein um nemendafélög:

„Við grunnskóla skal starfa nemendafélag og er skólastjóri ábyrgur fyrir stofnun þess. Nemendafélag vinnur m.a. að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda og skal skólastjóri sjá til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum. Nemendafélag hvers skóla setur sér starfsreglur, m.a. um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð skv. 2. mgr. 8. gr.“

Alls skipa 13 fulltrúar úr 8.-10. bekk stjórn nemendafélags Hamraskóla og eru þeir kosnir af nemendum. Fjórir fulltrúar eru úr hvorum árgangi í 8. og 9. bekk og 5 úr 10. bekk. Valið er í embætti formanns innan stjórnarinnar og að auki í embætti varaformanns. Starfsmaður ÍTR í félagsmiðstöð hefur umsjón með starfi stjórnarinnar. Stjórnin fundar ekki reglulega með starfsmönnum skólans eða stjórnendum, en skólastjórnendur „kíkja stundum á fundi“.

Starfsmenn heildarmats áttu rýnifund með 6 fulltrúum úr stjórn nemendafélags þar sem fulltrúarnir gáfu upplýsingar um skipulag á starfi stjórnarinnar og nemendafélagið. Ákveðin dagskrá er fyrir fundina en starfsmaður ÍTR stýrir fundunum og skrifar fundargerðir, en stundum lætur hann þau stjórna „þá mösum við minna“, segja þau. Stjórnin hefur fundartíma eftir skólatíma og fundar að jafnaði einu sinni í viku. Fundirnir eru u.þ.b. klukkustundar

langir. Hlutverk stjórnarinnar er að skipuleggja félagslíf nemenda á miðstigi og unglिंगastigi og ákveðna viðburði og þau segjast líka koma með ýmsar hugmyndir að verkefnum. Þau eru líka í samstarfi við aðra skóla í Grafarvoginum í gegnum ungmennaráð Grafarvogs.

Nemendurnir sögðust hafa fengið upplýsingar frá starfsmanni ÍTR sem hefur umsjón með félagsstarfinu um hlutverk stjórnarinnar, en þau hefðu ekki fengið leiðsögn í fundarsköpum.

Spurt var um val í skólaráðið og svöruðu nemendur því til að það hefði verið leitað til stjórnarinnar vegna þess, en það hefði verið starfsmaður ÍTR sem valdi í skólaráðið. Fulltrúar nemenda í skólaráði höfðu ekki setið fund í skólaráði nú í haust [í upphafi október].

Nemendurnir sögðu mikla spennu fylgja kosningum í stjórn nemendafélags, þeir sem vilja bjóða sig fram komast á lista, nemendur flytja framboðsræður og síðan er kosið innan hvers bekkjar. Allir nemendur þekkja þá sem eru í stjórninni, telja þau, en fæstir vita hverjir eru fulltrúar í skólaráði.

Stjórnin segist ekki fjalla um námið eða skólastarfið almennt, en þau fá stundum að gefa álit sitt á ákveðnum málum og nefna sem dæmi að stjórnendur hafi komið til þeirra á fund vegna umræðu um agakerfi skólans. Þau segjast gjarnan vilja að það væri leitað meira til þeirra með slík mál og nefna hugmyndir sem þau hafa um breytingar á matarmálum og hafragraut á morgnana.

Aðspurð um flutning unglिंगadeilda í Foldaskóla næsta haust var hópurrinn fremur neikvæður, það er lengri leið í skólann, einhverjir eru ósáttir við að útskrifast úr öðrum skóla, það þarf að kynna nýjum kennurum og krökkum. Kostir eru helstir að þeirra mati fjölmennari skóli og betra félagslíf.

Ábendingar

- Nemendur í stjórn nemendafélags Hamraskóla segja þátttöku í félagslífinu vera góða.
- Athuga mætti hvort hægt væri að virkja betur nemendur í stjórn nemendafélagsins til að taka meiri ábyrgð, s.s. varðandi fundarstjórn og ritun fundargerða.
- Athuga mætti hvort tengsl skólans við stjórn nemendafélags gætu verið meiri þar sem starfið virðist eins og staðan er nú að mestu á forræði félagsmiðstöðvar.
- Athygli er vakin á því að samkvæmt 10. grein grunnskólalaga nr. 91/2008 skal nemendafélagið setja sér reglur um kjör fulltrúa nemenda í skólaráð. Einnig má athuga að kynna störf skólaráðs betur fyrir nemendum.

Reglur og agi

Í skólanámskrá Hamraskóla, kafla um nemendur eru birtar almennar skólareglur og væntingar um hegðun nemenda eftir svæðum skólans. Einnig eru upplýsingar um punktakerfi sem ástundunareinkunn er reiknuð út frá svo og viðbrögð við hegðunarfrávikum (Skólanámskrá; nemendur).

Skólareglur uppfylla þau viðmið sem kveðið er um í grunnskólalögum (nr. 91/2008) og reglugerð um skólareglur (nr. 270/2000) að langmestu leyti, sjá meðfylgjandi gátlista um skólareglur. Síðan matið fór fram hefur tekið gildi ný reglugerð um um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum (Rg. nr.1040/2011). Fyrir liggur að aðlaga skólareglur að þeim kröfum sem þar koma fram.

Í skólanum er unnið eftir agakerfinu PBS undir einkunnarorðunum góðvild, ábyrgð, tillitssemi. Meginmarkmið með PBS kerfinu er að fá nemendur til að sýna jákvæða hegðun. Nemendum er umbunað fyrir rétta hegðun með hrósi, hvatningu, stjórnnum eða öðrum aðferðum (Skólanámskrá; nemendur). Að mati starfsfólks er agakerfið nokkuð virkt. PBS hópur er alltaf starfandi og verið er að innleiða nýja þætti. Kerfið hefur orðið til að bæta hegðun nemenda og „smátt og smátt minnkar notkun á verðlaunum þegar hegðun batnar“, segir kennari.

Í rýnihópum kennara og starfsmanna kemur fram að almennt sé góður vinnufriður í kennslu og samskipti við nemendur góð. Einnig kemur fram að markviss vinnubrögð í íslensku hafi meðal annars skilað ánægðari nemendum og betri hegðun, einkum henti það strákunum vel að hafa skýr fyrirmæli og afmörkuð verkefni.

Skólareglur eru skýrar að mati rýnihópa og reglurnar eru útskýrðar fyrir nemendum svo þeir geti farið eftir þeim. Viðbrögð við agabrotum eru einnig skýr, en að mati kennara í rýnihópi getur liðið of langur tími þangað til tekið er á málum eftir að þau fara frá kennaranum og hann fær ekki alltaf upplýsingar um hvernig málið stendur.

Nemendur í rýnihópum þekkja skólareglur, þær eru „út um allan skólann“ og þekkja líka viðurlög við brotum á þeim. Almennt finnst þeim vera vinnufriður í tímum en þó „mismikill eftir kennurum“. Mestur vinnufriður er hjá kennurum sem hafa minnstan hávaða og það virkar líka að hafa skemmtileg verkefni, segja þau. Kennarinn má heldur ekki vera of „mjúkur“, þá er erfitt fyrir hann að halda uppi aga.

Í flestum kennslustundum sem heimsóttar voru mátti sjá styrka stjórn kennara og góðan vinnufrið (sjá fylgiskjal; vettvangsathuganir).

Í foreldrakönnun 2010 kom fram að um 76% svarenda í Hamraskóla fannst aginn hæfilegur sem er aðeins undir meðaltali í borginni allri (tæp 83%). Foreldrar í rýnihópi segja viðmót kennara og starfsfólks vera gott og þeir eru sérstaklega ánægðir með kennarana „hér eru úrvals kennarar“.

Ábendingar

- Í skólanámskrá Hamraskóla, kafla um nemendur eru birtar almennar skólareglur og væntingar um hegðun nemenda eftir svæðum skólans.
- Skólareglur uppfylla þau viðmið sem kveðið er um í grunnskólalögum (nr. 91/2008) og reglugerð um skólareglur (nr. 270/2000) að langmestu leyti, sjá meðfylgjandi gátlista um skólareglur.
- Síðan matið fór fram hefur tekið gildi ný reglugerð um um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum (Rg. nr.1040/2011). Fyrir liggur að aðlaga skólareglur að þeim kröfum sem þar koma fram.
- Í skólanum er unnið eftir agakerfinu PBS undir einkunnarorðunum góðvild, ábyrgð, tillitssemi. Meginmarkmið með PBS kerfinu er að fá nemendur til að sýna jákvæða hegðun.
- Í rýnihópum kennara og starfsmanna kemur fram að almennt sé góður vinnufriður í kennslu og samskipti við nemendur góð. Einnig kemur fram að markviss vinnubrögð í íslensku hafi meðal annars skilað ánægðari nemendum og betri hegðun.
- Skólareglur eru skýrar að mati rýnihópa og viðbrögð við agabrotum einnig, en að mati kennara í rýnihópi getur liðið of langur tími þangað til tekið er á málum.

- Í flestum kennslustundum sem heimsóttar voru mátti sjá styrka stjórn kennara og góðan vinnufrið (sjá fylgiskjal; vettvangsathuganir).
- Í foreldrakönnun 2010 kom fram að um 76% svarenda í Hamraskóla fannst aginn hæfilegur sem er undir meðaltali í borginni allri (tæp 83%).

Viðhorf foreldra og þátttaka í skólastarfi

Í skólanámskrá kemur fram að starfsfólk Hamraskóla leggur á það áherslu að samstarf heimilis og skóla byggist á gagnkvæmu trausti og virðingu. Stuðningur forráðamanna er mikilvægur stuðningur við starfið í skólanum og eru forráðamenn hvattir til að vera virkir í samstarfi. Markmið með foreldrasamstarfi er meðal annars tryggja gott upplýsingaflæði og samstarf um framfarir nemenda, vinnu þeirra og/eða vandamál (Skólanámskrá, kafli um samstarf heimila og skóla).

Í foreldrakönnuninni veturinn 2010 svöruðu 49 foreldrar í Hamraskóla könnuninni af 78 í úrtaki, sem er 63% svörun. Svarhlutfallið var 65% fyrir alla grunnskólana í borginni. Í skólanum voru 223 nemendur skólaárið 2009-2010, sem þýðir að svör vegna u.þ.b. 22% nemenda í skólanum var að finna í könnuninni.

Helstu niðurstöður voru þær að 76% foreldranna sögðust vera ánægð með skólann, þar af sögðust 20% vera *mjög ánægð*. Ánægjuhlutfallið í Hamraskóla var 91% í fyrstu könnuninni árið 2000 en lækkaði jafnt og þétt á milli næstu fjögurra kannanna og var komið í 60% árið 2008. Hlutfallið tók því kipp upp á við í könnuninni árið 2010 um u.þ.b. 16 prósentustig og í fyrsta skipti hækkaði ánægjuhlutfallið á milli kannanna. Á kvarðanum 1 til 5 hækkaði skólinn um 0,1 frá 2008 til 2010, fór úr 3,7 í 3,8. Skólinn var 0,3 undir meðaltalsánægjunni í borginni allri árið 2010.

Í heildina kom skólinn frekar vel út í foreldrakönnuninni fyrir árið 2010. Um þrír af hverjum fjórum voru ánægðir með skólann og um tveimur af hverjum þremur fannst skólanum vel stjórnað. Í báðum tilvikum hafði skólinn hækkað töluvert frá könnuninni á undan. Þá var ánægja með umsjónarkennara mikil þótt hún hefði minnkað milli mælinga. Spurningar um líðan komu nokkuð vel út og langflestum fannst námslegar kröfur skólans og magn heimavinnu hæfilegt. Þá hafði ánægja aukist lítillega í skólanum með marga af ytri þáttum skólastarfssins.

Í spurningu um stjórnun skólans töldu 66% foreldra skólanum vera vel stjórnað, þar af sögðust 21% telja skólanum vera *mjög vel* stjórnað. Í fyrstu könnuninni árið 2000 var ánægjuhlutfallið í skólanum með stjórnunina 84%, en hlutfallið lækkaði reglulega í næstu fjórum könnunum og var komið í 56% árið 2008. Hlutfallið hækkaði því um tíu prósentustig í könnuninni árið 2010 og í fyrsta skipti hækkaði hlutfallið á milli kannanna. Á kvarðanum 1 til 5 hækkaði skólinn um 0,2 á milli mælinganna 2008 og 2010, fór úr 3,6 í 3,8. Meðaltalið í borginni allri fyrir árið 2010 var 4,0 og skólinn því 0,2 undir meðaltali.

Ánægja foreldra með umsjónarkennara barnanna var mikil í skólanum í könnuninni árið 2010. Í helstu spurningum um umsjónarkennarann voru meðaltölin fjórir og þar yfir í fimm tilvikum af sex. Þrátt fyrir þetta höfðu meðaltölin lækkað frá könnuninni 2008 í fjórum tilvikum af sex og í fjórum tilvikum af sex voru meðaltölin lægri en meðaltöl borgarinnar allrar.

Um 89% svarenda fannst skólinn gera *hæfilegar* námslegar kröfur til barnsins síns, 80% fannst heimavinna barnsins *hæfileg* og 76% fannst aginn *hæfilegur*. Skólinn var hér hærri en Reykjavík í tveimur tilvikum en lægri þegar kom að aganum.

Sé miðað við könnunina 2008, þá jókst ánægja foreldra í könnuninni 2010 lítillega með almennt ástand húsnæðis, möguleika á tómsundaiðkun að loknum skóladegi, aðstöðu til íþróttaiðkunar, aðstöðu til að matast, leikaðstöðu á skólalóð, samskipti starfsfólks við barn þeirra og hvernig skólinn kom til móts við þarfir barnsins. Meðaltöl skólans voru hér oftast nálægt meðaltölum borginnar.

Foreldrar í rýnihópi segja aðgengi að kennurum gott, sérstaklega í yngstu bekkjunum og flestir senda vikulega upplýsingar um nám barnanna, hvað er fram undan og hvað er verið að leggja áherslu á. Almennt eru foreldrar vel upplýstir um skólastarfið að þeirra mati. En skólinn mætti gera meira til að hvetja foreldra til þátttöku í skólastarfinu og eiga frumkvæði að því kemur fram í rýnihópnum.

Ánægja er með samsöng á sal á föstudagsmorgnum, það „þéttir krakkana saman“ og þá gefst foreldrum líka tækifæri til að koma í skólann. Samstarf foreldra við bekk barnsins er annars mest hjá yngstu nemendum en minnkar á miðstigi og er lítið á unglingsstigi, kemur fram í rýnihópnum. Samstarf og samvinna innan skólans er mikil milli aldurs hópa „þau læra það snemma“ og þakka þeir það því að skólinn er lítill og í sumum árgöngum er samkensla „eldri krakkar bera virðingu fyrir yngri“.

Skólinn tekur vel á móti foreldrum og mjög persónulega, segir í rýnihópi foreldra, viðmót kennara er gott og „hér eru úrvals kennarar“ og það er vel tekið á hlutunum.

Styrkur skólans er lestrarkennslan sem er frábær hjá yngstu nemendum að mati rýnihóps foreldra, „börn læra að lesa mjög hratt“. Frábærir kennarar og frábært starf, segja foreldrar. Stjórnendur mættu gera meira af því að segja frá hvað skólinn er að gera og auglýsa góðan árangur, s.s. eins og þegar hann fær viðurkenningu fyrir íslenskukennsluna og þegar nemendur í 5. bekk fengu verðlaun í myndmennt.

Skólaráð og foreldrafélag

Skólaráð fundar einu sinni í mánuði, það starfar skv. lögum og reglugerð, þar situr skólastjóri og þrjú fulltrúar starfsmanna skólans auk fulltrúa foreldra og nemenda. Farið er yfir allt sem að náminu kemur og mál sem brenna á fólki og málum forgangsraðað eftir lista verkefna sem liggur fyrir, segir í rýnihópi foreldra. Fulltrúar í skólaráði eru flestir vel virkir, líka nemendur sem taka virkan þátt í fundum. Fundir eru boðaðir með dagskrá og fundargerðir skrifaðar eftir fundi og settar á heimasíðu.

Foreldrafélag er starfandi við skólann, í skólanámskrá kemur fram að allir foreldrar og forráðamenn nemenda í skólanum eru félagar. Markmið félagsins er meðal annars að stuðla að góðu samstarfi heimila og skóla og styðja við félagslíf nemenda. Í hverjum bekk eru tveir bekkjarfulltrúar kosnir úr hópi foreldra og er hlutverk þeirra að stuðla að auknu samstarfi foreldra og nemenda. Lítil tengsl hafa verið við stjórn foreldrafélagsins, það vantaði samskiptavettvang en „það er vilji til þess að koma þessu í betra horf núna í ár“ kemur fram í rýnihópi foreldra.

Núverandi stjórn foreldrafélagsins er að sögn stjórnenda skólans mjög virk en mæting foreldra er dræm á fundi félagsins „það eru fáir og alltaf sömu andlitin“, segir í rýnihópi foreldra. En

foreldrar mæta ef eitthvað er gert til að „trekkja að“ og er nefnt dæmi um vorfund sem haldinn var fyrir grill og vorhátíð foreldrafélagsins sl. vor en þá var líka opið hús og sýning á verkum nemenda í skólanum.

Fram kemur að formaður foreldrafélags óskaði eftir meiri beinum samskiptum við skólastjórnendur og var tekið vel í það. Síðan hefur samstarfið gengið vel og umræðan tekin um hvað foreldrafélagið á að gera og nú er verið að semja samstarfsáætlun foreldra og skólans. Þessi opna umræða milli foreldrafélags, stjórnenda og kennara hefur skilað betri árangri í samstarfinu að mati rýnihóps foreldra. Einnig kemur fram í rýnihópi ótti við að ekki sé brugðist nógu hart og fljótt við ef erfið mál koma upp og eru nefnd dæmi um það á undanförunum árum.

Foreldrafélagið hefur umsjón með nokkrum föstum árlegum viðburðum, s.s. jólaföndri, páskabingói og vorhátíð.

Á heimasíðu skólans eru upplýsingar um foreldrafélagið, helstu verkefni þess og fréttir úr starfinu.

Ábendingar

- Í skólanámskrá kemur fram að starfsfólk Hamraskóla leggur á það áherslu að samstarf heimilis og skóla byggist á gagnkvæmu trausti og virðingu.
- Í heildina kom skólinn frekar vel út í foreldrakönnuninni fyrir árið 2010. Um þrír af hverjum fjórum voru ánægðir með skólann og um tveimur af hverjum þremur fannst skólanum vel stjórnað. Í báðum tilvikum hafði skólinn hækkað töluvert frá könnuninni á undan.
- Í spurningu um stjórnun skólans töldu 66% foreldra skólanum vera vel stjórnað.
- Ánægja foreldra með umsjónarkennara barnanna var mikil í skólanum í könnuninni árið 2010.
- Um 89% svarenda fannst skólinn gera *hæfilegar* námslegar kröfur til barnsins síns, 80% fannst heimavinna barnsins *hæfileg* og 76% fannst aginn *hæfilegur*.
- Foreldrar í rýnihópi segja aðgengi að kennurum gott, sérstaklega í yngstu bekkjunum og flestir senda vikulega upplýsingar um nám barnanna, hvað er fram undan og hvað er verið að leggja áherslu á.
- Almennt eru foreldrar vel upplýstir um skólastarfið að þeirra mati. En skólinn mætti gera meira til að hvetja foreldra til þátttöku í skólastarfinu og eiga frumkvæði að því kemur fram í rýnihópnum.
- Styrkur skólans er lestrarkennslan sem er frábær hjá yngstu nemendum að mati rýnihóps foreldra, „börn læra að lesa mjög hratt“. Frábærir kennarar og frábært starf, segja foreldrar. Stjórnendur mættu gera meira af því að segja frá hvað skólinn er að gera og auglýsa góðan árangur,
- Skólaráð fundar einu sinni í mánuði, það starfar skv. lögum og reglugerð, þar situr skólastjóri og þrír fulltrúar starfsmanna skólans auk fulltrúa foreldra og nemenda.
- Foreldrafélag er starfandi við skólann, í skólanámskrá kemur fram að allir foreldrar og forráðamenn nemenda í skólanum eru félagar. Markmið félagsins er meðal annars að stuðla að góðu samstarfi heimila og skóla og styðja við félagslíf nemenda.
- Fram kemur að formaður foreldrafélags óskaði eftir meiri beinum samskiptum við skólastjórnendur og var tekið vel í það. Síðan hefur samstarfið gengið vel og nú er verið að semja samstarfsáætlun foreldra og skólans.

Verklag

Fjölbreyttar leiðir í námi

Gildi skólans eru: Góðvild – Ábyrgð - Tillitssemi. Markmið skólastarfsins eins og þau eru sett fram í skólastefnu eru:

- Að undirbúa nemendur undir þátttöku í samfélagi í sífelldri þróun.
- Að veita hverjum nemanda alhliða menntun og stuðla að þroska hans.
- Að þroska sjálfstæði í hugsun og vinnu, þjálfna hæfni nemenda til samstarfs við aðra og leggja grundvöll að frumkvæði þeirra.
- Að stuðla að vellíðan, velferð og öryggi nemenda.
- Að stuðla að umburðarlyndi og virðingu fyrir sjálfum sér, náunganum og umhverfinu.
- Að veita hverjum nemanda nám og kennslu við hæfi og stefna að fjölbreyttu skólastarfi.
- Að leggja rækt við heilbrigði og hollar lífsvenjur.

Markmið náms í íslensku eru sett fram í lotuskipulagi fyrir 1.-5. bekk, þar kemur fram að hvaða markmiðum er unnið á hverjum tíma. Nánari útfærsla á hverri lotu er birt fyrir árganginn og nær þá til bóklegra greina, þar kemur fram að hverju er unnið í hverri viku. Kennsluáætlanir eldri nemenda virðast ýmist gerðar fyrir önnina eða allan veturinn í hverri námsgrein. Þar kemur fram að hvaða viðfangsefnum unnið er á hverju tímabili eða lotu, hvað námsefni er stuðst við og hvernig námsmati er háttað.

Samkennsla árganga er að nokkru leyti í 2. og 3. bekk og 4. og 5. bekk. Nemendum er skipt í hópa og kennarar skipta með sér verkum í umsjóna námsgreina og stundum kennt í hringekjuformi. Í 1.-7. bekk er lögð áhersla á að vinna með ólíkar þarfir stelpna og stráka í námi og taka kennsluáðferðir mið af því.

Námsáætlanir eru birtar í Mentor og þar er einnig að finna heimavinnuáætlun. Aðferðir í kennslu eru mismunandi eftir kennurum og greinum, segir í rýnihópi nemenda, en almenn er kennslan „fín“ að þeirra mati. Þau telja að krakkar fái kennslu við hæfi og þau sem geta meira geta unnið sér í hagn í áætlun. Heimanám er „passlegt“ segja unglíngarnir en samt mismikið eftir kennurum.


Kennsluhættir

Kennsluhættir eru fjölbreyttir að mati kennara, sérstaklega í 1.-7. bekk og þar er að sögn kennara hópur sem vinnur þétt saman og er öflugur. Leið skólans að einstaklingsmiðuðu námi er að hafa námið skapandi og fjölbreytt og allir nemendur náí að upplifa sínar sterku hliðar, segir kennari. Á unglíngastigi er faggreinakennsla, en vinna að markvissari íslenskukennslu í yngri deildum hefur að mati kennara skilað sér upp í eldri bekkina einnig.


Unnið hefur verið að því í nokkur ára að gera íslenskukennslu í 1.-7. bekk markvissari eftir leið sem kennd er við breska skólann Ardleigh Green, sú leið felur í sér fjölbreytni í vinnubrögðum, markvissa markmiðssetningu og ítarlegar leiðbeiningar til nemenda um vinnubrögð. Framsögn er æfð einu sinni í viku „þannig að við erum eitt bros“, segir í rýnihópi kennara. Markviss vinnubrögð í íslensku hafa meðal annars skilað ánægðari nemendum og betri hegðun, einkum hentar það strákunum vel að hafa skýr fyrirmæli og afmörkuð verkefni.

Skólinn vinnur einnig að því að móta viðmið um gæði kennslu þar sem skilgreint er hvernig kennari mótast stundina og hvernig nemendur vinna. Starfsmenn hafa unnið að gátlista um eigin kennslu og nemendur koma einnig að þessari vinnu.

Í vettvangsathugunum voru nemendur oftast að vinna að verkefnum undir stjórn kennara, allir að sama eða hliðstæðu verkefni eða í um 37% þeirra stunda sem heimsóttar voru, bein kennsla/innlögnum/umræður voru í um 30% stunda, verklegt og sköpun og tjáningu var merkt við í list- og verkgreinum fyrst og fremst eða alls 17% stunda og markvissa samvinnu eða sjálfstæða vinnu að einhverju leyti að eigin vali var merkt við í 13% tilvika.⁴



Til samanburðar er mynd sem sýnir hvernig kennsluhættir skiptast að meðaltali í skólum þar sem þeir hafa verið markvisst metnir undanfarið rúm ár.



Meðatal skóla 1

⁴ Í hverri stund getur verið merkt við öll vinnubrögð sem fyrir koma. Fjöldi merkinga er því meiri en fjöldi stunda sem fylgst var með.

Sérstaða skólans

Í skólanámskrá er fjallað um sérstöðu skólans, hún birtist m.a. í því að unnið er eftir heildstæðu agakerfi, í skólanum er starfrækt sérdeild fyrir einhverfa nemendur, kennarar við skólann eru að þróa heildstæða samfellda íslenskukennslu í 1.-7. bekk og hafa hlotið til þess styrki, tónlistarkennsla fer fram í skólanum á skólatíma í samstarfi við Tónskóla Björgvins Þ. Valdimarssonar og Hamraskóli var árin 2003-2006 móðurskóli í samvinnu leik- og grunnskóla (Skólanámskrá; sýn, stefna og sérstaða skólans).

List- og verkgreinar

List- og verkgreinakennsla er kennd í hringekju. Hver nemandi fær kennslu í viðkomandi grein fjórðung skólaársins. Samkennt er í tveimur aldurshópum nema í 1. og 7. og 8. bekk.

Valgreinar

Boðið er upp á val í um 15 valgreinum í 9.-10. bekk. Til að auka fjölbreytnina í valáföngum er einnig boðið upp á sameiginlegt val í grunnskólunum í Grafarvogi. Nemendur þurfa í þeim tilvikum að koma sér á milli skólanna og sækja námið í blönduðum hópi nemenda úr Grafarvogi. Einnig er boðið upp á nokkra valáfanga í Borgarholtsskóla. Fjöldi valgreina er misjafn eftir árgöngum eða 6-8 stundir og eru sumar þeirra kenndar í blönduðum hópi 9. -10. bekkja.

Skólasafn

Skólasafn skólans er í björtu og rúmgóðu húsnæði á annari hæð skólans við aðalanddyri. Starfsemi skólasafnsins felst í útlánum og stefnt er að því að allir nemendur fái reglulega tíma á safninu til að læra á safnið, fá sögustundir og leita heimilda. Skólasafninu er meðal annars ætlað það hlutverk að styðja sem best við það sem fer fram í skólanum og aðstoða nemendur og starfsfólk við öflun hverskonar efnis. Safnið er opið daglega frá 8.15 til 15.00.

Markmið safnsins eru m.a. að leiðbeina nemendur við að nota safnið við nám og til skemmtunar; að safnkosturinn hafi fræðslu og uppeldislegt gildi og sé aðgengilegur öllum nemendum og starfsfólki skólans; að hjálpa nemendum við að verða sjálfbjarga við að afla heimilda við skólatengd verkefni og finna þau gögn sem tilheyra safninu; að örva áhuga nemenda á bókum og lestri; að þjálfa hlustun og eftirtekt með sögustundum. Stefnt er að því að allir nemendur fái bókasafnsfræðslu og læri m.a. á flokkunarkerfi safnsins (Skólanámskrá; skólasafn).

Námsmat

Fram kemur í skólanámskrá að lögð er áhersla á að meta árangur nemenda með fjölbreyttum námsmatsaðferðum bæði formlega og óformlega, Nemendur fá vitnisburð tvisvar á skólaárinu, í janúar og júní.

Í markvissri íslenskukennslu í 1.-7. bekk hefur verið innleitt sjálfsmat nemenda og jafningjamat. Einnig er nemendum gerð skýr grein fyrir því hvað verður metið í hverju verkefni fyrir sig.

Í eldri deildum er námsmat samsett úr vinnueinkunn/skilum á verkefnum sem gilda 40-50% á móti prófum.


Einstaklingsmiðað nám og markviss samvinna

Skólastarfið var metið út frá matstæki um einstaklingsmiðað nám og er skólinn í flestum þáttum kominn nokkuð áleiðis í átt til einstaklingsmiðaðs náms, heildarútkoma er 3.5 stig á kvarðanum 1-5. Lengst er skólinn kominn í viðhorfastoðinni og nemendastoðinni (sjá fylgiskjal: Matstæki um einstaklingsmiðað nám).

Í skólanámskrá kemur fram að áhersla verði lögð á fjölbreyttar kennsluáðferðir og að nemendur fái kennslu við hæfi. Nemendur gera ekki eigin áætlanir um nám sitt en einstaklingsnámskrár eru gerðar fyrir þá sem þurfa sérkennslu.

Mat á gæðum kennslustunda – vettvangsathuganir

Alls var farið í heimsókn í 20 kennslustundir í 1.-10. bekk og þar af 17 metnar. Í fylgiskjali um vettvangsathuganir er að finna lýsingu athugenda og mat samkvæmt viðmiðum um gæði kennslustunda (sjá fylgiskjal: Viðmið um mat á gæðum kennslustundar).



Af þeim kennslustundum sem heimsóttar voru teljast 29% stunda frábærar, 65% góðar og 6% viðunandi. Engin kennslustund var óviðunandi. Í flestum kennslustundum sem heimsóttar voru mátti sjá styrka stjórn kennara og góðan vinnufrið (sjá fylgiskjal; vettvangsathuganir).

Til samanburðar eru gæði kennslustunda að meðaltali í þeim skólum sem metnir hafa verið síðan í byrjun árs 2009.

Ábendingar

- Gildi skólans eru: Góðvild – Ábyrgð - Tillitssemi. Markmið skólastarfsins eru skýrt sett fram í skólastefnu.
- Markmið náms í íslensku eru sett fram í lotuskipulagi fyrir 1.-5. bekk, þar kemur fram að hvaða markmiðum er unnið á hverjum tíma. Nánari útfærsla á hverri lotu er birt fyrir árganginn og nær þá til bóklegra greina.

- Kennsluáætlanir eldri nemenda virðast ýmist gerðar fyrir önnina eða allan veturinn í hverri námsgrein. Þar kemur fram að hvaða viðfangsefnum unnið er á hverju tímabili eða lotu, hvað námsefni er stuðst við og hvernig námsmati er háttað.
- Samkennsla árganga er að nokkru leyti í 2. og 3. bekk og 4. og 5. bekk.
- Í 1.-7. bekk er lögð áhersla á að vinna með ólíkar þarfir stelpna og stráka í námi og taka kennsluáðferðir mið af því.
- Aðferðir í kennslu eru mismunandi eftir kennurum og greinum, segir í rýnihópi nemenda, en almenn er kennslan „fin“ að þeirra mati. Heimanám er „passlegt“ segja unglingarnir, en samt mismikið eftir kennurum.
- Í vettvangsathugunum voru nemendur oftast að vinna að verkefnum undir stjórn kennara, allir að sama eða hliðstæðu verkefni í um 37% þeirra stunda sem heimsóttar voru, bein kennsla/innlögn/umræður voru í um 30% stunda
- Af þeim kennslustundum sem heimsóttar voru teljast 29% stunda frábærar, 65% góðar og 6% viðunandi. Engin kennslustund var óviðunandi.
- Í flestum kennslustundum sem heimsóttar voru mátti sjá styrka stjórn kennara og góðan vinnufrið.
- Í skólanámskrá er fjallað um sérstöðu skólans, hún birtist m.a. í því að unnið er eftir heildstæðu agakerfi og kennarar við skólann eru að þróa heildastæða samfellda íslenskukennslu í 1.-7. bekk.
- List- og verkgreinakennsla er kennd í hringekju. Hver nemandi fær kennslu í viðkomandi grein fjórðung skólaársins. Samkennt er í tveimur aldurshópum nema í 1. og 7. og 8. bekk
- Boðið er upp á val í um 15 valgreinum í 9.-10. bekk. Til að auka fjölbreytnina í valáföngum er boðið upp á sameiginlegt val í grunnskólunum í Grafarvogi
- Starfsemi skólasafnsins felst m.a. í útlánum og stefnt er að því að allir nemendur fái reglulega tíma á safninu til að læra á safnið, fá sögustundir og leita heimilda
- Fram kemur í skólanámskrá að lögð er áhersla á að meta árangur nemenda með fjölbreyttum námsmatsaðferðum bæði formlega og óformlega, Nemendur fá vitnisburð tvisvar á skólaárinu, í janúar og júní
- Skólastarfið var metið út frá matstæki um einstaklingsmiðað nám og er skólinn í flestum þáttum kominn nokkuð áleiðis í átt til einstaklingsmiðaðs náms, heildarútkoma er 3.5 stig á kvarðanum 1-5. Lengst er skólinn kominn í viðhorfastoðinni og nemendastöðinni.

Skóli án aðgreiningar - sérkennsla

Stjórnun og stefna

Aðstoðarskólastjóri er heldur utan um stoðþjónustu í skólanum. Fagstjóri stýrir daglegu starfi og fundum sérkennara.

Í skólanámskrá, kafla um stoðkerfi skólans kemur fram að unnið er eftir stefnu um skóla án aðgreiningar og sérkennslan byggir á grunnskólalögum, aðalnámskrá grunnskóla og stefnu borgarinnar um sérkennslu. Sérkennsla getur falið í sér verulega breytingu á námsmarkmiðum, námsefni, námsaðstæðum og kennsluáðferðum. Einstaklingsáætlanir eru gerðar fyrir flesta nemendur í sérkennslu, en þeir sem fá stuðning til skemmri tíma fylgja áætlun bekkjarins (Heimasíða; stoðþjónusta).

Skipulag sérkennslu

Sérkennsluþörfum er mætt á mismunandi hátt eftir aldurstigum. Á yngra stigi fer sérkennsla ýmist fram í námsveri eða inni í bekkjum og stuðningsfulltrúar eru kennurum til aðstoðar í nokkrum bekkjardeildum. Á eldra stigi er rekið námsver þar sem nemendur fá aðstoð til lengri eða skemmri tíma, eftir þörfum hverju sinni (Heimasíða stoðþjónusta). Greiningar og skimanir eru lagðar fyrir nemendur eftir þörfum.

Einstaklingsnámskrár og –áætlanir eru gerðar af sérkennara og síðan lagðar fyrir foreldra til samþykktar, segir í rýnihópi um sérkennslu. Einnig eru nokkrir nemendur með aðlagða námskrá. Endurskoðun einstaklingsnámskráa fer fram á vorin og þá er skoðað hvort markmið hafa náðst.

Aðstaða og aðbúnaður

Almennt er aðstaða í skólanum góð að mati rýnihóps um sérkennslu, en æskilegast væri að hafa tvær samliggjandi stofur fyrir sérkennslu þannig að hægt sé að draga sig í hlé með barn sem er órólegt. Lyfta er til staðar, en enginn líkamlega fatlaður nemandi er nú í skólanum. Fram kemur í rýnihópnum að ekki er hægt að opna glugga vegna hávaða og því verður þungt loft í stofum.

Viðhorf og líðan:

Viðhorf starfsfólks og nemenda er almennt mjög jákvætt gagnvart sérkennslunemendum, en meiri vandi fylgir nemendum með hegðunarvanda, segir í rýnihópi. Einnig kemur fram að það sé jákvætt fyrir nemendur að alast upp og eiga samveru með þeim sem eru fatlaðir „krakkarnir gera sér grein fyrir að það eru ekki allir eins“.

Upplýsingaflæði – samstarf

Samvinna í skólanum er mikil og gott að leita til allra að mati rýnihóps um sérkennslu. Kennarar leita þó ekki eins mikið til sérkennara og áður um ráðgjöf, segir í rýnihópi, enda auðveldara að finna verkefni við hæfi nemenda, t.d. í hringekju í stærðfræði.

Ráðgjöf - þjónustumiðstöð

Í skólanámskrá kemur fram að Miðgarður, þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness veitir skólanum margvíslega þjónustu. Ekki varð mikil umræða í rýnihópnum um þessa þjónustu.

Námsráðgjafi

Námsráðgjöf er þjónusta fyrir alla nemendur skólans og geta þeir, forráðamenn og kennarar leitað til námsráðgjafa. Námsráðgjafi er málsvari nemenda og trúnaðarmaður og aðstoðar þá við að leita lausna á vandamálum sem upp koma.

Helstu hlutverk námsráðgjafa eru eftirfarandi:

- að annast náms- og starfsfræðslu
- að veita ráðgjöf vegna náms- og starfsvals
- að aðstoða og leiðbeina nýjum nemendum
- að fylgja nemendum eftir inn í framhaldsskóla
- að vinna að bættum samskiptum innan skólans (Heimasíða; stoðþjónusta).

Stuðningsteymi (lausnateymi) er starfandi við skólann og heldur utan mál sem upp koma, segir í rýnihópi.

Nemendaverndarráð: Hlutverk nemendaverndarráðs er að samræma störf þeirra sem sjá um málefni einstakra nemenda varðandi sérfræðiþjónustu, námsráðgjöf og heilsugæslu,

Nemendaverndarráð tekur sameiginlegar ákvarðanir um málefni einstakra nemenda eða nemendahópa.

Í nemendaverndarráði, sem kemur saman aðra hverja viku á starfstíma skóla, sitja skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, deildarstjórar, námsráðgjafi, skólasálfræðingur, sérkennarar og hjúkrunarfræðingur. Félagsráðgjafi situr fundi með reglulegu millibili (Skólanámskrá; stoðþjónusta).

Sérdeild fyrir einhverfa

Sérdeildin Hamrasetur var stofnuð haustið 1996. Deildin er ein fjögurra sérdeilda í grunnskólum á höfuðborgarsvæðinu fyrir nemendur með einhverfu. Deildin í Hamraskóla var stofnuð með það að markmiði að sinna þörfum einstaklinga á aldrinum 6-16 ára sem hafa fengið greiningu á einhverfurófi. Þar er nemendum í Reykjavík og nágrenni þjónað og er rými fyrir 6 nemendur þar. Núverandi húsnæði er í tveimur kennslustofum á jarðhæð skólans. Deildin starfar samkvæmt deildarnámskrá sem er hluti af skólanámskrá skólans (Heimasíða; sérdeild).

Sérstakt inntökuteymi er fyrir deildina, nemendur koma úr leikskóla og eru gagnkvæmar heimsóknir og aðlögun fyrir nýjan nemanda. Móttökuáætlun fyrir deildina liggur ekki fyrir við matið.

Unnið er eftir TEACCH líkani sem felur í sér mjög nákvæmt sjónrænt skipulag á tíma og verkefnavinnu. Einstaklingsnámskrá er gerð fyrir alla nemendur deildarinnar. Í einstaklingsnámskrá koma fram bakgrunnsupplýsingar um viðkomandi nemanda, námsleg staða, markmið, leiðir til að ná áætluðu markmiði og upplýsingar um skipulag kennslu. Að lokum er sett fram hvernig meta skuli árangurinn. Þeir nemendur sem hafa getu til að fylgja námsefni síns bekkjar taka sömu próf og aðrir nemendur og er námsmatið niðurstaðan úr þeim prófum (Heimasíða; sérdeild).

Nú eru í deildinni 8 nemendur í 2.-9. bekk. Að auki er einn nemandi á unglíngastigi sem kemur ákveðna tíma og fær þjónustu í deildinni en er ekki skráður þar. Allir nemendur deildarinnar fara inn í sína heimabekki mismarga tíma á viku. Allir nemendur taka þátt í list- og verkgreinatímum með sínum heimabekk og frá einum og upp í fleiri bóklega tíma. Allir nemendur í deildinni borða í matsal með öðrum nemendum skólans og taka þátt í viðburðum í skólanum, s.s. að fara í skólabúðir að Reykjum.

Deildarfundir eru einu sinni í viku en stuðningsfulltrúar sitja þá ekki. Kennarar deildarinnar fara auk þess á stigsfundi til að vinna með umsjónarkennurum í almennu bekkjunum að samræmingu náms nemenda deildarinnar.

Starfsfólkið sinnir einnig ráðgjöf og stuðningi við starfsfólk skólans.

Ábendingar

- Aðstoðarskólastjóri er heldur utan um stoðþjónustu í skólanum. Fagstjóri stýrir daglegu starfi og fundum sérkennara
- Í skólanámskrá, kafla um stoðkerfi skólans kemur fram að unnið er eftir stefnu um skóla án aðgreiningar og sérkennslan byggir á grunnskólalögum, aðalnámskrá grunnskóla og stefnu borgarinnar um sérkennslu

- Sérkennsluþörfum er mætt á mismunandi hátt eftir aldurstigum. Á yngra stigi fer sérkennsla ýmist fram í námsveri eða inni í bekkjum og stuðningsfulltrúar eru kennurum til aðstoðar í nokkrum bekkjardeildum. Á eldra stigi er rekið námsver þar sem nemendur fá aðstoð til lengri eða skemmri tíma, eftir þörfum hverju sinni.
- Greiningar og skimanir eru lagðar fyrir nemendur eftir þörfum.
- Einstaklingsnámskrár og –áætlanir eru gerðar af sérkennara og síðan lagðar fyrir foreldra til samþykktar, segir í rýnihópi um sérkennslu. Einnig eru nokkrir nemendur með aðlagða námskrá.
- Viðhorf starfsfólks og nemenda er almennt mjög jákvætt gagnvart sérkennslunemendum, en meiri vandi fylgir nemendum með hegðunarvanda og segir í rýnihópi.
- Samvinna í skólanum er mikil og gott að leita til allra að mati rýnihóps um sérkennslu.
- Námsráðgjafi þjónustar alla nemendur og hefur skilgreint hlutverk.
- Stuðningsteymi (lausnateymi) er starfandi við skólann.
- Hlutverk nemendaverndarráðs er að samræma störf þeirra sem sjá um málefni einstakra nemenda varðandi sérfræðiþjónustu, námsráðgjöf og heilsugæslu.
- Sérdeildin Hamrasetur var stofnuð haustið 1996. Deildin er ein fjögurra sérdeilda í grunnskólum á höfuðborgarsvæðinu fyrir nemendur með einhverfu. Unnið er eftir TEACCH líkani sem felur í sér mjög nákvæmt sjónrænt skipulag á tíma og verkefnavinnu. Allir nemendur taka þátt í list- og verkgreinatímum með sínum heimabekk og frá einum og upp í fleiri bóklega tíma.

Skólaþróun og mat

Í ljósi innra mats á skólastarfi Hamraskóla, stefnumótunar Hamraskóla og stefnumótunar Menntasviðs Reykjavíkur var unnin aðgerðaáætlun fyrir Hamraskóla fyrir skólaárið 2010-2011. Aðgerðaáætlun er uppfærð á fundi starfsmanna að hausti. Á grundvelli áætlunarinnar var unnin starfsþróunar- og símenntunaráætlun sem tekur til þeirrar áherslu sem skólinn leggur í samræmi við markmið skólans og Menntasviðs Reykjavíkur.

Hamraskóli hefur á undanförunum árum unnið að innleiðingu á PBS kerfinu (Positive Behavior Support) undir leiðsögn handleidara sem er ráðgjafi á vegum þjónustumiðstöðvarinnar Miðgarðs. Tilgangur PBS er að skapa gott skólastarf með því að innleiða heildstætt vinnulag sem samanstendur af einföldum og kerfisbundnum aðferðum sem auka líkur á æskilegri hegðun.

Kennarar í 1.-7. bekk hafa hlotið styrki frá menntaráði Reykjavíkur og Kennarasambandi Íslands til að þróa heildstæða samfellda íslenskukennslu í anda Ardleigh Green grunnskólans í London, en hann er talinn einn af 20 bestu skólum í Bretlandi. Starfsmenn skólans hafa farið í námsferðir til að kynna sér starfið í Ardleigh Green grunnskólanum.

Hamraskóli er þátttakandi í sameiginlegu þróunarverkefni Hamra-, Laugarnes- og Álftamýrarskóla í samstarfi við Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur. Verkefnið er sprottið upp úr sameiginlegri vinnu skólanna þriggja í tengslum við símenntun stjórnenda. Um er að ræða tveggja til þriggja ára þróunarverkefni er snýr að þróun viðmiða um gæði kennslu. Verkefnið er unnið undir handleiðslu John Morris sem er skólastjóri Ardleigh Green grunnskólans í Bretlandi. Skipað hefur verið innleiðingarteymi sem hefur það hlutverk að stýra sameiginlegri vinnu kennara að því að móta viðmið um gæði kennslu í Hamraskóla. Í teyminu eru kennarar og stjórnendur.

Skólinn hefur sótt um að gerast heilsueflandi skóli. Heilsueflandi skóli er verkefni á vegum Lýðheilsustöðvar. Markmið verkefnisins er að bæta árangur nemenda á öllum sviðum í gegnum heilsueflingu. Settur hefur verið á stofn stýrihópur sem hefur umsjón með innleiðingu stefnunnar. Í stýrihópnum eru fulltrúar skóla og foreldra

Margvíslegt umbóta- og þróunarstarf hefur átt sér stað í Hamraskóla síðastliðin ár. Má þar nefna samstarf nemenda og kennara innan og á milli árganga, þróun námsmats, fjölbreyttar kennsluaðferðir o.fl. Þessari þróunarvinnu verður haldið áfram með hliðsjón af aðgerðaáætlun, stefnumótun skólans og fræðsluyfirvalda í Reykjavík. Sérstök áhersla verður lögð á eftirfarandi þætti skólaárið 2011 - 2012:

- PBS – stuðningur við jákvæða hegðun
- Heildstæð íslenskukennsla í 1. – 7. bekk
- Þróun viðmiða um gæði kennslu
- Heilsueflandi skóli
- Að mæta þörfum ólíkra einstaklinga
- Fjölbreyttar kennsluaðferðir og námsmat
- Samstarf við foreldra
- Sjálfsmat
- Samstarf við leikskóla
- Samstarf við tónskóla Björgvins Þ. Valdimarssonar

Árin 2003-2006 var Hamraskóli móðurskóli í samstarfi leik- og grunnskóla. Á því starfi hefur verið byggt áfram og nú er verið að þróa samstarf við fleiri leikskóla í grenndinni.

Þegar sjálfsmat Hamraskóla var metið í úttekt á vegum Menntamálaráðuneytisins vorið 2007 uppfyllti skólinn viðmið um sjálfsmatsaðferðir og framkvæmd sjálfsmats að hluta.

Sjálfsmatsskýrsla fyrir skólaárið 2010-2011 liggur fyrir við matið. Hún er sett upp í Skólaspeglinum (Skoldialogen). Þar er tekið á öllum þáttum skólastarfsins. Settar eru fram sjö matsspurningar sem snerta kennsluaðferðir og mat á námi, árangur, upplýsingar til foreldra, líðan nemenda, starfsanda, aðbúnað og sýn og stjórnun. Greindir eru sterkir og veikir þættir í skólastarfinu út frá matsspurningum og settir fram umbótaþættir í fimm liðum: auka fagmennsku kennara; bæta árangur í ákveðnum þáttum samræmdra prófa; bæta líðan nemenda; bæta gæslu á skólalóð og auka og bæta upplýsingar um líðan og samskipti í bekk.

Ábendingar

- Í ljósi innra mats á skólastarfi Hamraskóla, stefnumótunar Hamraskóla og stefnumótunar Menntasviðs Reykjavíkur var unnin aðgerðaáætlun fyrir Hamraskóla fyrir skólaárið 2010-2011 og uppfærð haust 2011.
- Kennarar í 1.-7. bekk hafa hlotið styrki frá menntaráði Reykjavíkur og Kennarasambandi Íslands til að þróa heildstæða samfellda íslenskukennslu
- Hamraskóli er þátttakandi í sameiginlegu þróunarverkefni Hamra-, Laugarnes- og Álftamýrarskóla í samstarfi við Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur um þróun viðmiða um gæði kennslu.
- Skólinn hefur sótt um að gerast heilsueflandi skóli.
- Margvíslegt umbóta- og þróunarstarf hefur átt sér stað í Hamraskóla síðastliðin ár. Má þar nefna samstarf nemenda og kennara innan og á milli árganga, þróun námsmats, fjölbreyttar kennsluaðferðir o.fl

- Árin 2003-2006 var Hamraskóli móðurskóli í samstarfi leik- og grunnskóla. Á því starfi hefur verið byggt áfram og nú er verið að þróa samstarf við fleiri leikskóla í grenndinni.
- Þegar sjálfsmat Hamraskóla var metið í úttekt á vegum Menntamálaráðuneytisins vorið 2007 uppfyllti skólinn viðmið um sjálfsmatsaðferðir og framkvæmd sjálfsmats að hluta.
- Sjálfsmatsskýrsla fyrir skólaárið 2010-2011 liggur fyrir við matið. Hún er sett upp í Skólaspeglinum.
- Settar eru fram sjö matsspurningar. Greindir eru sterkir og veikir þættir í skólasterfinu út frá matsspurningum og settir fram umbótaþættir í fimm liðum

Virk upplýsingamiðlun

Í Hamraskóla er skráninga- og upplýsingakerfið *Mentor.is* notað til upplýsingamiðlunar. Upplýsingar um öll börn viðkomandi heimilis birtast á síðunni, hvort sem þau eru í leikskóla eða grunnskóla. Á *mentor.is* geta foreldrar séð dagskrá barna sinna, ástundun, námsáætlanir, heimavinnu, tilkynningar frá skólanum, skóladagatal og fleira. Upplýsingar um ástundun nemenda á eldra stigi eru sendar foreldrum reglulega í gegnum kerfið auk þess sem foreldrar geta fylgst með ástundun barna sinna dag frá degi (Skólanámskrá; af skólasterfinu).

Markmið með foreldrasamstarfi er meðal annars tryggja gott upplýsingaflæði og samstarf um framfarir nemenda, vinnu þeirra og/eða vandamál, segir í skólanámskrá, kafla um samskipti heimila og skóla.

Í foreldrakönnun 2010 sögðust rúm 84% foreldra barna í skólanum vera ánægð með upplýsingagjöf frá skólanum, þar af voru um 31% mjög ánægð. Þetta skilaði skólanum meðaltalinu 4.2 í spurningunni, sem er aðeins yfir meðaltali í Reykjavík (4,1).

Foreldrar í rýnihópi nokkuð ánægðir með upplýsingar skólanum og frá kennurum.

Ábendingar

- Í Hamraskóla er skráninga- og upplýsingakerfið *Mentor.is* notað til upplýsingamiðlunar. Á *mentor.is* geta foreldrar séð dagskrá barna sinna, ástundun, námsáætlanir, heimavinnu, tilkynningar frá skólanum, skóladagatal og fleira.
- Í foreldrakönnun 2010 sögðust rúm 84% foreldra barna í skólanum vera ánægð með upplýsingagjöf frá skólanum, þar af voru um 31% mjög ánægð. Þetta skilaði skólanum meðaltalinu 4.2 í spurningunni, sem er aðeins yfir meðaltali í Reykjavík (4,1).
- Foreldrar í rýnihópi nokkuð ánægðir með upplýsingar skólanum og frá kennurum.

Skólanámskrá og námsáætlanir

Starfsáætlun og skólanámskrá Hamraskóla fyrir skólaárið 2011-2012 liggja fyrir við matið og er þar gerð góð grein fyrir flestum þáttum skólasterfsins (sjá meðfylgjandi: Gátlista um starfsáætlun og um skólanámskrá). Bæði skólanámskrá og starfsáætlun eru í góðu samræmi við skyldur laga og stefnumótunar borgarinnar og að sumu leyti til fyrirmyndar. Þó skal bent á að við skoðun á heimasíðu (nóv. 2011) er þar að finna útgáfur skólaársins 2010-2011.

Nemendur gera almennt ekki eigin áætlanir um nám sitt. Einstaklingsnámskrár eða aðlagðar námskrár eru gerðar fyrir þá sem njóta sérkennslu.

Námsáætlanir nemenda er að finna í Mentor en þær liggja ekki fyrir við matið. Markmið náms í íslensku eru sett fram í lotuskipulagi fyrir 1.-5. bekk, þar kemur fram að hvaða markmiðum

er unnið á hverjum tíma. Nánari útfærsla á hverri lotu er birt fyrir árganginn og nær þá til bóklegra greina, þar kemur fram að hverju er unnið í hverri viku. Kennsluáætlanir eldri nemenda virðast ýmist gerðar fyrir önnina eða allan veturinn í hverri námsgrein. Þær eru ólíkt fram settar eftir greinum, en í flestum kemur fram hvaða námsefni er unnið með, námstilhögun og námsmat.

Heimasíða

Heimasíða Hamraskóla er nokkuð aðgengileg og fréttir virðast uppfærðar reglulega. Upplýsingar fyrir foreldra um skólastarfið birtast í skólanámskrá. Upplýsingar eru á síðunni um skólaráð, skipan þess og hlutverk og fundargerðir eru birtar. Upplýsingar eru um stjórn foreldrafélags og starfsemi foreldrafélags.

Í rýnihópi foreldra kemur fram það álit að heimasíðan sé mjög virk en ekki mikið skoðuð þó þar séu gagnlegar upplýsingar og fréttir.

Upplýsingar fyrir nýbúa á erlendum tungumálum vantar á síðuna og ekki fundust upplýsingar um mötuneyti, annars er þar fjallað um nær allt sem ætlast er til að þar sé að finna (sjá fylgiskjal; gátlisti um heimasíðu).

Ábendingar

- Starfsáætlun og skólanámskrá Hamraskóla fyrir skólaárið 2011-2012 liggja fyrir við matið og er þar gerð grein fyrir flestum þáttum skólastarfsins
- Bæði skólanámskrá og starfsáætlun eru í góðu samræmi við skyldur laga og stefnumótunar borgarinnar og að sumu leyti til fyrirmyndar. Þó skal bent á að við skoðun á heimasíðu (nóv. 2011) er þar að finna útgáfur skólaársins 2010-2011.
- Nemendur gera almennt ekki eigin áætlanir um nám sitt. Einstaklingsnámskrár eða aðlagðar námskrár eru gerðar fyrir þá sem njóta sérkennslu.
- Námsáætlanir nemenda er að finna í Mentor en þær liggja ekki fyrir við matið. Markmið náms í íslensku eru sett fram í lotuskipulagi fyrir 1.-5. bekk, þar kemur fram að hvaða markmiðum er unnið á hverjum tíma.
- Heimasíða Hamraskóla er nokkuð aðgengileg og fréttir virðast uppfærðar reglulega.
- Upplýsingar fyrir foreldra um skólastarfið birtast í skólanámskrá. Upplýsingar eru á síðunni um skólaráð, skipan þess og hlutverk og fundargerðir eru birtar. Upplýsingar eru um stjórn foreldrafélags og starfsemi foreldrafélags.
- Í rýnihópi foreldra kemur fram það álit að heimasíðan sé mjög virk en ekki mikið skoðuð þó þar séu gagnlegar upplýsingar og fréttir.
- Upplýsingar fyrir nýbúa á erlendum tungumálum vantar á síðuna og ekki fundust upplýsingar um mötuneyti, annars er þar fjallað um nær allt sem ætlast er til að þar sé að finna (sjá fylgiskjal; gátlisti um heimasíðu).

Öruggt, heilnæmt og vistvænt skólaumhverfi

Hamraskóli stefnir að því að verða heilsueflandi skóli þar sem áhersla er lögð á hollustu, hreyfingu og heilbrigði nemenda og starfsmanna. Settur hefur verið á stofn stýrihópur sem hefur umsjón með innleiðingu stefnunnar. Í stýrihópnum eru fulltrúar skóla og foreldra

Umhverfisstefna hefur ekki verið unnin fyrir skólann og ekki verður séð að sérstök áhersla hafi verið lögð á vistvænan rekstur.

Öryggisþættir

Rýmingaráætlun skólans liggur fyrir og er uppi við í skólastofum. Rýmingaræfing skal haldin tvisvar á skólaári, segir í skólanámskrá.

Lagt er upp úr að vinnuaðstaða og umhverfi sé gott. Starfsmönnum Hamraskóla ber að sýna hver öðrum virðingu og halda grundvallarreglur í samskiptum þannig að starfsfólki finnist því ekki ógnað eða ögrað á nokkurn hátt. Starfsmenn Hamraskóla hafa markað sér leiðarljós í samskiptum sín á milli. Einelti og kynferðisleg áreitni í skólanum getur leitt til áminningar og starfsmíssis (Skólanámskrá; vinnuumhverfi).

Áhættumat liggur ekki fyrir þegar skýrsla um heildarmat er rituð.

Ábendingar

- Hamraskóli stefnir að því að verða heilsueflandi skóli þar sem áhersla er lögð á hollustu, hreyfingu og heilbrigði nemenda og starfsmanna.
- Umhverfisstefna hefur ekki verið unnin fyrir skólann og ekki verður séð að sérstök áhersla hafi verið lögð á vistvænan rekstur.
- Rýmingaráætlun skólans liggur fyrir og er uppi við í skólastofum. Rýmingaræfing skal haldin tvisvar á skólaári, segir í skólanámskrá.
- Lagt er upp úr að vinnuaðstaða og umhverfi sé gott.
- Áhættumat liggur ekki fyrir þegar skýrsla um heildarmat er rituð.

Mannauður

Starfsánægja og líðan á vinnustað

Í skólanum starfa 43 starfsmenn skólaárið 2011-2012 í 38 stöðugildum, þar af kennarar í 23,4 stöðugildum. Í starfsmannastefnu Hamraskóla segir:

Meginmarkmið starfsmannastefnu Hamraskóla er að gera skólanum kleift að uppfylla þær skyldur sem honum ber samkvæmt lögum, reglugerðum, aðalnámskrá og starfsáætlun fræðslumála í Reykjavík. Hamraskóli leitast við að ráða sem hæfasta starfsmenn sem uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til starfs og vól er á hverju sinni. Við ráðningar er tekið mið af jafnréttisáætlun borgarinnar og stefnu hennar um fjölmenningsleglegt samfélag. Hvað starfslok varðar gilda lög og reglur um opinbera starfsmenn og fyrir uppsögn þurfa að vera málefnalegar ástæður. Starfsmaður á rétt á réttlátri og skriflegri málsmeðferð. Virða ber andmælarétt starfsmanna nema ávirðingar séu svo alvarlegar að þær réttlæti fyrirvaralausá uppsögn. Óski starfsmaður eftir starfslokasamtali við stjórnanda, er orðið við því (Hamraskóli, starfsáætlun 2011-2012).

Ennfremur hefur skólinn mótað sér stefnu varðandi vinnuumhverfi en þar er lögð áhersla á vellíðan starfsfólks, samábyrgð og þegnskap starfsmanna. Lagt er upp úr góðri vinnuáðstöðu og virðingu í samskiptum. Handleiðsla er hluti af móttöku nýrra starfsmanna og lögð áhersla á gott upplýsingastreymi og þekkingarmiðlun starfsmanna. Einnig er það stefna skólans að koma til móts við þarfir starfsmanna um sveigjanlegan vinnutíma eins og því verður við komið. Einelti og kynferðisleg áreitni er ekki liðin og skólinn er reyklaus vinnustaður (Hamraskóli, starfsáætlun 2011-2012).

Hamraskóli komið nokkuð vel út í starfsánægjukönnunum sem gerðar hafa verið á vegum Reykjavíkurborgar en síðasta könnun var gerð vorið 2009⁵. Þá fékk fullyrðingin „Á heildina lítið er ég ánægð(ur) í starfi mínu“ gildið 4,50 og hækkaði úr 4,10 frá árinu á undan⁶. Um 92% svarenda voru fullyrðingunni frekar eða mjög sammála.

Í könnuninni 2009 voru fullyrðingar er snéru að viðhorfum starfsmanna gagnvart starfsanda og samvinnu á styrkleikabili.

Í rýnihópum og viðtölum kom fram að starfsmenn eru almennt mjög ánægðir í störfum sínum í skólanum, starfsandi væri góður og samstarfið gott. Fólki bar saman um að því liði vel á vinnustaðnum, unnið væri gott faglegt starf og þverfaglegt samstarf væri gott.

Starfsmannafélag er sagt öflugt og góð almenn þátttaka væri í þeim viðburðum sem efnt væri til. Það kom þó fram að í haust væri að greina ákveðna deyfð yfir starfsmannahópnum sem tengja mætti fyrirhuguðum breytingum með flutningi unglingsdeildar og því óöryggi sem starfsmenn upplifðu þeim tengdum.

Þegar starfsmenn voru spurðir að því hverja þeir sæju sem helstu styrkleika skólans var þetta nefnt:

⁵ Svarhlutfall í könnunum var 73% árið 2009. Ekki liggja fyrir niðurstöður úr vinnustaðargreiningu síðan sú könnun var gerð.

⁶ Niðurstöðum í vinnustaðgreiningu er skipt í þrjú svæði, styrkleikabil 4.20-5.00, starfhæft bil 3.70-4.19 og aðgerðabil 1.00-3.69.

- Frábært starfsfólk og mikil samvinna.
- Sterkt þróunarstarf í yngri deildum og samstarf við John Morris
- Þróunarstarf um gæðaviðmið í skólastarfi.
- Frábær tónlistarkennsla.
- Góðir nemendur.
- Gott andrúmsloft.
- Umhyggja fyrir nemendum.
- Unnið vel með PBS

Eftirtalin atriði voru talin upp sem þættir sem mætti bæta:

- Hafa nemendur meira með í ráðum.
- Betri eftirfylgd í nemendamálum.
- Nýta má betur sérkennsluúrræði.
- Tölvukostur og annar tækjabúnaður ófullnægjandi.
- Skólalóðin.
- Vantar meira fjármagn í sérkennslu.

Samstarf

Samstarf starfsfólks er formgert með ýmis konar fundum. Starfsmannafundir eru hálfsmánaðarlega með öllu starfsfólki, stigsfundir eru hálfsmánaðarlega á yngri stigum en vikulega á unglíngastigi, stjórnendateymið fundar vikulega. Sérgreinakennarar eru með á stigsfundum. Umsjónarkennarar funda vikulega og samráðsfundir vegna verkefna eru vikulega.

Í viðhorfakönnun 2009 voru um 89% svarenda í Hamraskóla frekar eða mjög sammála fullyrðingunni „Samvinna er góð á mínum vinnustað“ og sama hlutfall var einnig sammála fullyrðingunni „Starfsfólk á mínum vinnustað miðlar þekkingu sín á milli“. Þetta er nokkuð hærra hlutfall en að meðaltali í grunnskólum borgarinnar.

Samkvæmt því sem kom fram í rýnihópum er dagskrá fylgt á stærri fundum og fundargerðir almennt ritaðar. Starfsmannafundir eru mikið nýttir fyrir almenn mál sem þarf að fara yfir svo og fyrirlestra og kynningar. Stigsfundir voru sagðir vel nýttir fyrir praktísk mál, skipulag og þess háttar. Umsjónarkennarafundir væru meira nýttir fyrir nemendamál.

Starfsmenn lýstu yfir mikilli ánægju með samstarfið í skólanum og gott væri að leita til samstarfsmanna. Það kom fram ábending í rýnihópi um að nóg væri að hafa starfsmannafund einu sinni í mánuði, það væri ekki ástæða til að hafa fund nema verið væri að ræða eitthvað sérstakt. Það kom þó fram að ánægja væri með þessa fundi, þeir þættu gagnlegir og markvissari nú en áður. Stjórnendur lýstu yfir mikilli ánægju með starfsfólkið og samstarfið á vinnustaðnum.

Í viðhorfakönnuninni 2009 voru um 76% svarenda sammála fullyrðingunni „Jafnrétti kynja er virt á mínum vinnustað“ og sama hlutfall sammála % fullyrðingunni „Það er gætt jafnræðis og jafnréttis gagnvart starfsmönnum á mínum vinnustað“. Ekki var rétt sérstaklega í rýnihópum um jafnrétti og jafnræði á vinnustaðnum.

Ábendingar

- Hamraskóli komið nokkuð vel út í starfsánægjukönnunum sem gerðar hafa verið á vegum Reykjavíkurborgar.

- Í rýnihópum og viðtölum kom fram að starfsmenn eru almennt mjög ánægðir í störfum sínum í skólanum, starfsandi væri góður og samstarfið gott. Það kom þó fram að í haust væri að greina ákveðna deyfð yfir starfsmannahópnum sem tengja mætti fyrirhuguðum breytingum með flutningi unglिंगadeildar og því óöryggi sem starfsmenn upplifðu þeim tengdum.
- Starfsmenn lýstu yfir mikilli ánægju með samstarfið í skólanum og gott væri að leita til samstarfsmanna.

Aðbúnaður

Þegar spurt var um aðbúnað í rýnihópum kom fram óánægja með tölvubúnaðinn sem væri orðinn mjög úreltur og einnig vantaði skjávarpa en kennsluaðferðir í skólanum krefðust þess að tækin væru til staðar og í góðu lagi. Það kom fram að mikill missir væri að videóþjónustu Námsgagnastofnunar þar sem gögn þaðan hefðu verið nýtt í eðlis- og efnafræðikennslu. Það vantaði tæki, s.s. heyrnartól svo hægt væri að nota forrit sem höfðuðu til drengja og stólar í tölvustofu væru mjög óhentugir fyrir nemendur. Einnig kom fram að bókakostur á bókasafni væri ábótavant. Það kom fram að það vantaði almennilega aðstöðu fyrir unglिंगana. Einnig kom fram að hefilbekkir væru að hrynja í sundur.

Ábendingar

- Athuga má hvort hægt sé að koma til móts við athugasemdir starfsmanna um aðbúnað á vinnustaðnum.

Símenntun og starfsþróun

Í 12. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 segir í 3. mgr: „Að frumkvæði skólastjóra mótar hver skóli áætlun til ákveðins tíma um hvernig símenntun starfsfólks hans skuli hagað svo að hún sé í sem bestu samræmi við áherslur skólans, sveitarfélagsins og aðalnámskrár. Í 4 mgr. segir enn fremur: „Kennarar og skólastjórar grunnskóla skulu eiga kost á reglulegri símenntun í þeim tilgangi að efla starfshæfni sína. Þeir skulu einnig eiga kost á námsleyfum“. Í starfsmannastefnu Reykjavíkurborgar kemur fram að starfsmenn stofnana og fyrirtækja Reykjavíkurborgar skuli eiga rétt á starfsþróunarsamtölum a.m.k. árlega.

Við matið liggur fyrir símenntunaráætlun fyrir skólaárið 2011-2012 þar sem það er skilgreint hvað telst til símenntunar. Áætlunin gerir ráð fyrir þátttöku allra starfsmanna. Áætlunin gerir ekki grein fyrir helstu símenntunaráherslum skólans og markmiðum símenntunar. Meðal helstu námskeiða/kynninga er áætluð eru námskeið um jákvæða agastjórnun, virknimat, viðmið um gæði kennslu og heildræna íslenskukennslu í 1.-7. bekk. Í greinargóðri aðgerðaáætlun fyrir árið 2010-2011 koma fram ítarleg markmið Hamraskóla í tengslum við stefnuáherslur Reykjavíkurborgar í menntamálum þar sem aðgerðir eru skilgreindar. Uppfæra á áætlunina á starfsmannafundi í október.

Í viðhorfakönnun 2009 voru um 76% starfsmanna því mjög eða frekar sammála að þeir hefðu fengið tækifæri til símenntunar á undanförunum 12 mánuðum. Þá kom einnig fram í könnuninni að 74% svarenda hefðu farið í starfsþróunarsamtal á síðustu 12-15 mánuðum þar á undan, sem var töluvert lægra en 2008 (90%). Árið 2009 töldu 36% svarenda samtalið mjög eða frekar gagnlegt en hinsvegar um 20% samtalið ógagnlegt. Um 92% svarenda voru sammála því að skólinn væri í virkri þróun aðferða í námi og kennslu.

Í rýnihópum og viðtölum kom fram ánægja með þróunarstarfið í skólanum og kom það fram að það þróunarstarf sem unnið hefði verið með heildstæðri nálgun í íslenskukennslu hefði í

raun skilað sér til allra nemenda og verið árangursríkt. Almennt taldi fólk símenntun vera í góðum farvegi í skólanum, stjórnendur hvettu mjög til hennar og það væru næg tækifæri til símenntunar ef fólk vildi nýta þau.

Fram kom í rýnihópi að starfsmannasamtöl eru valkvæð. Almennt taldi fólk þau mikilvæg en skiptar skoðanir voru um gagnsemi þeirra. Sumir töldu þau gagnleg meðan aðrir töldu þeim ekki nægilega vel fylgt eftir.

Ábendingar

- Símenntunaráætlun Hamraskóla gerir ráð fyrir þátttöku allra starfsmanna en skilgreina mætti betur símenntunaráherslur skólans og markmiðum í áætluninn.
- Í greinargóðri aðgerðaáætlun fyrir árið 2010-2011 koma fram ítarleg markmið Hamraskóla í tengslum við stefnuáherslur Reykjavíkurborgar í menntamálum þar sem aðgerðir eru skilgreindar.
- Starfsfólk er ánægt með þróunarstarfið í skólanum og telur það hafa eflt mjög skólastarfið.
- Fólk telur símenntun vera í góðum farvegi og hvatt væri til hennar.
- Fram kom í rýnihópi að starfsmannasamtöl væru valkvæð og skiptar skoðanir eru gagnsemi þeirra.

Viðhorf starfsmanna til stjórnunar

Í viðhorfakönnun vorið 2009 mældust viðhorf starfsmanna til stjórnunar eru snéru að trausti til næsta yfirmanns og ánægju með samskipti á styrkleikabili. Um 76% svarenda voru sammála því að vinnustaðnum væri vel stjórnað. Um 84% svarenda voru sammála því að ákvarðanir á vinnustaðnum byggðu á faglegum forsendum. Um 71% svarenda voru sammála því að upplýsingastreymi væri gott.

Í rýnihópum og viðtölum var umræða um stjórnendur almennt jákvæð og kom fram að aðgengi að þeim væri gott og gott væri að leita til þeirra. Skólastjóri er sagður sýnilegur í daglegu starfi skólans og í góðum tengslum við nemendur sem sæktu mikið í að koma til hans. Það kom fram á meira en einum stað að sýnileiki hans í starfinu hefði aukist mikið á undanförunum árum. Aðstoðarskólastjóri er sagður minna sýnilegur í daglegu starfi. Það kom fram að það bæri meira á því að stjórnendur kæmu í kennslustofur en þeir mættu gera meira af því. Það kom einnig fram að stjórnendur sæjust lítið í unglingsdeild.

Skiptar skoðanir voru á því hversu lýðræðisleg stjórnunin væri. Það kom fram í sumum hópum að ákvarðanir væru teknar í samráði en einhverjir töldu stjórnunarhætti ekki eins lýðræðislega þar sem búið væri að taka ákvarðanir fyrirfram.

Ábendingar

- Í rýnihópum og viðtölum var talað vel um stjórnendur og kom fram að aðgengi að þeim væri gott og gott væri að leita til þeirra.
- Skólastjóri er sagður sýnilegur í daglegu starfi skólans og í góðum tengslum við nemendur.
- Stjórnendur koma nokkuð í kennslustundir en kennarar vilja sjá meira af stjórnendum í kennslustundum og í unglingsdeild.
- Almennt álíta starfsmenn stjórnun vera lýðræðislega en einhverjir telja að starfsmenn mættu hafa meiri áhrif.

Fjármál

Úthlutun fjármagns og rekstraráætlun

Í stefnukorti Menntasviðs fyrir 2011 er markmiðið í víddinni fjármál: Góð og hagkvæm nýting og stýring fjármála.

Grunnskólar Reykjavíkur fá úthlutað fjármagni til reksturs samkvæmt reiknilíkani Skóla- og frístundasviðs þar sem helstu viðmið eru nemendafjöldi og stærð húsnæðis.

Skólum er gert að skila rekstraráætlun til fjármálaþjónustu Skóla- og frístundasviðs þar sem fram kemur hvernig þeim fjármunum sem skólinn fær til reksturs hvert fjárhagsár verður ráðstafað. Skóla- og frístundasvið yfirfer rekstraráætlun og metur hvort hún er innan fjárheimilda. Hamraskóli skilaði rekstraráætlun fyrir árið 2011 á tilsettum tíma og var hún innan fjárheimilda skólans.

Fjárhagsleg staða skólans

Heildarfjárheimildir Hamraskóla fyrir árið 2010 voru að upphæð 335.720 kr., þar með er talin úthlutun til sérkennslu og kennslu nýbúa. Útgjöld ársins námu 333.751. kr.

Ábendingar

- Hamraskóli skilaði rekstraráætlun fyrir árið 2011 á tilsettum tíma og var hún innan fjárheimilda skólans.
- Útgjöld árið 2010 voru innan marka heildarfjárheimilda.
- Gæta þarf að góðri og hagkvæmri nýtingu og stýringu fjármála.

Greining

Styrkleikar:

Mikil gæði kennslu. Góður árangur yngri nemenda í lesskimun og stærðfræðiskimun. Hár framfarastuðull í íslensku bæði í 7. og 10. bekk bendir til mikilla framfara nemenda. Markvisst þróunarstarf, þar á meðal markviss íslenskukennsla í 1.-7. bekk hefur skilað góðum árangri og ánægðum nemendum. Góður starfsandi og ánægja foreldra með kennara.

Veikleikar

Misræmi í námsárangri eftir árgöngum, slakur árangur í Pisa. Skólinn hefur ekki mótað sér umhverfisstefnu.

Ögranir

Skólinn er lítill og ekki hagkvæm eining í rekstri og gefur heldur ekki mikil færi á sérhæfingu kennara. Breytingar framundan eru ögrun sem skólinn tekst á við.

Tækifæri

Efla foreldrasamstarf og vinna að aukinni ánægju foreldra með skólann. Nýtt upphaf eftir breytingar er einnig tækifæri til að styrkja enn frekar starfið með 1.-7. bekk.

Samantekt ábendinga

Skólastarf

Námsárangur

- Meðaltalsárangur nemenda í lestri í 2. bekk 2011 er hærri en í grunnskólum Reykjavíkur að meðaltali (81% miðað við 73% í borginni allri) og allir nemendur í Hamraskóla teljast geta lesið sér til gagns (71% í borginni allri).
- Árangur í lesskimun vorið 2011 er sá besti frá upphafi þátttöku Hamraskóla en nemendur sem lagt er fyrir hafa aldrei verið færri.
- Stærðfræðiskimun með Talnalykli var lögð fyrir nemendur í 3. bekk í Hamraskóla í nóvember 2010. Meðaltalsárangur var mælitalan 11,4 en meðalárangur nemenda í Reykjavík í þeim þætti prófsins var mælitalan 11,0.
- Í Hamraskóla stóðust 81% nemenda viðmiðin í fyrsta þrepi sem eru mun fleiri en árið 2009 og aðeins einn nemandi var líklegur til að þurfa stuðning í stærðfræði.
- Meðaltalsárangur nemenda í Hamraskóla á samræmdum könnunarprófum í 10. bekk haustið 2010 er í öllum greinum yfir landsmeðaltali og meðaltali borgarinnar.
- Meðaltalsárangur er sérstaklega lakur í 4. bekk og meðaltal síðustu 5 ára er undir meðaltali borgarinnar og landsmeðaltali í þessum árgangi.
- Framfarastuðull nemenda í 7. bekk Hamraskóla 2010 er hár í íslensku og bendir til mikilla framfara frá 4. bekk.
- Í 10. bekk er framfarastuðull sömuleiðis hár í báðum greinum og í íslensku bendir framfarastuðull til mikilla framfara frá 7. bekk.
- Hamraskóli er í hópi 5 skóla sem fá lægsta útkomu í lesskilningi, stærðfræði og náttúrufræði í Pisa 2009. Þátttaka nemenda í rannsókninni var 91%.

Stjórnun og skipulag

- Skólastjóri leggur áherslu á að öllum líði vel í skólanum og komið sé til móts við þarfir nemenda. Hann vill viðhafa lýðræðislega stjórnunarhætti þannig að ákvarðanir séu teknar af hópnum.
- Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, skrifstofustjóri og deildarstjóri mynda stjórnunarteymi skólans og hittast á fundi einu sinni í viku auk þess sem þau hafa mikið óformlegt samráð.

- Skipurit skólans og stuttar starfslýsingar eru í starfsáætlun skólans, þar er gerð grein fyrir helstu verkefnum stjórnenda og starfsmanna.
- Fastur fundartími er einu sinni í viku fyrir starfsmannafundi sem eru tvisvar í mánuði og á móti eru stigsfundir kennara á yngra og eldra stigi. Kennarafundir eru sjaldnar.
- Í spurningu um stjórnun skólans í foreldrakönnun 2010 töldu 66% foreldra skólanum vera vel stjórnað, þar af sögðust 21% telja skólanum vera mjög vel stjórnað. Þessi niðurstaða er lægri en að meðaltali í borginni.
- Starfsmenn í rýnihópum eru fremur jákvæðir gagnvart stjórnendum, þeir eru sagðir aðgengilegir fyrir starfsmenn, gott að leita til þeirra og þeir eru sýnilegir, sérstaklega skólastjóri.
- Nemendur í rýnihópum þekkja stjórnendur, þeim finnst skólastjórinn skemmtilegur og segja að hann komi oft inn í stofu.
- Skoðaðar voru stundatöflur bekkja og hópa. Á töflu 1.-4. bekkja eru skráðir 30 tímar í þremur vinnulotum. Á töflu 5.-7. bekkja 35 nemendatímar, í 8. bekk 39 tímar og í 9.-10. bekk eru skráðir 38 tímar, þar af 8 tímar í valgreinar.
- Skóladaðurinn er skipulagður þannig að kennt er í 70-80 mínútna lotum hjá öllum árgöngum. Stundatöflur eru samfelldar í öllum árgöngum en dagar mislangir á unglingsstigi.
- Haustið 1999 komst formlegt samstarf á milli leikskólans Klettaborgar og Hamraskóla og hefur haldist síðan. Einnig er unnið að því að efla samstarf við aðra leikskóla í hverfinu.
- Nemendur Hamraskóla taka þátt í viðburðum s.s. spurningakeppni grunnskólanna, stóru upplestrarkeppninni, skákmótum, Skrekk, knattspyrnukeppni og Skólahreysti.
- Náíð samstarf er milli grunnskóla í Grafarvogi og á Kjalarnesi. Má þar nefna sameiginleg þróunarverkefni í tengslum við læsi og agastjórnun o.fl.
- Skólinn er góðu samstarfi við ýmsar stofnanir og fyrirtæki í hverfinu.

Stefna og starfsáætlun

- Starfsáætlun Hamraskóla fyrir skólaárið 2011-2012 var yfirfarin á grunnskóla-skrifstofu Menntasviðs haustið 2011. Hún er vel unnin og framsetning með ágætum og í fullu samræmi við þær kröfur sem gerðar eru til starfsáætlana grunnskóla Reykjavíkur.
- Í skólanámskrá er sett fram leiðarljós í starfi skólans; þar kemur frama að stefnt að einstaklingsmiðuðu námi sem tekur mið af fjölbreyttum hæfileikum nemenda og eru kennsluhættir og námsmat í samræmi við það.
- Einkunnarorð skólans eru: Góðvild – Ábyrgð – Tillitssemi.
- Skólinn skal framar öllu örva sjálfstæði og ábyrgð nemenda, gagnrýna hugsun og gera þá færa um að velja og hafna, segir í skólanámskrá.

Nemendur og líðan

- Skoða þarf vel niðurstöður Skólapúlsins sem lögð var fyrir úrtak nemenda úr 6.-10. bekk Hamraskóla í október 2011 þar sem mikill munur getur verið á mikilvægum mælikvörðum hvað snertir t.d. líðan nemenda eftir árgöngum og kynjum.
- Einnig þarf að skoða vel samband og stuðning kennara gagnvart nemendum sem hefur lækkað og er töluvert undir landsmeðaltali.
- Góðar niðurstöður hvað snertir nemendahópin má sjá í jákvæðri þróun í mælingum á einelti, samsömun nemendahóps og aga í skólanum.
- Nýta má niðurstöður Skólapúlsins um áhuga nemenda á námsgreinum til að hífa upp þá bekkir sem koma marktækt lakar út en aðrir í skólanum.

- Foreldrar barna í Hamraskóla mátu líðan barna sinna í skólanum almennt góða og sambærilega og í öðrum skólum í Reykjavík. Um 15% sögðu barn sitt hafa lent í einelti sem er svipað og annars staðar í skólum borgarinnar.
- Allir nemendahópar töluðu vel um kennara sína og fannst námið síst of erfitt. Vinnufriður væri góður og þeim væri hrósað fyrir vel unnin verkefni.
- Nemendum sem rætt var við leið almennt vel og voru ánægðir með aðstöðu í skólanum en skoða mætti athugasemdir þeirra um mótuneytið.

Stjórn nemendafélags

- Nemendur í stjórn nemendafélags Hamraskóla segja þátttöku í félagslífinu vera góða.
- Athuga mætti hvort hægt væri að virkja betur nemendur í stjórn nemendafélagsins til að taka meiri ábyrgð, s.s. varðandi fundarstjórn og ritun fundargerða.
- Athuga mætti hvort tengsl skólans við stjórn nemendafélags gætu verið meiri þar sem starfið virðist eins og staðan er nú að mestu á forræði félagsmiðstöðvar.
- Athygli er vakin á því að samkvæmt 10. grein grunnskólalaga nr. 91/2008 skal nemendafélagið setja sér reglur um kjör fulltrúa nemenda í skólaráð. Einnig má athuga að kynna störf skólaráðs betur fyrir nemendum.

Reglur og agi

- Í skólanámskrá Hamraskóla, kafla um nemendur eru birtar almennar skólareglur og væntingar um hegðun nemenda eftir svæðum skólans.
- Skólareglur uppfylla þau viðmið sem kveðið er um í grunnskólalögum (nr. 91/2008) og reglugerð um skólareglur (nr. 270/2000) að langmestu leyti, sjá meðfylgjandi gátlista um skólareglur.
- Síðan matið fór fram hefur tekið gildi ný reglugerð um um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum (Rg. nr. 1040/2011). Fyrir liggur að aðlaga skólareglur að þeim kröfum sem þar koma fram.
- Í skólanum er unnið eftir agakerfinu PBS undir einkunnarorðunum góðvild, ábyrgð, tillitssemi. Meginmarkmið með PBS kerfinu er að fá nemendur til að sýna jákvæða hegðun.
- Í rýnihópum kennara og starfsmanna kemur fram að almennt sé góður vinnufriður í kennslu og samskipti við nemendur góð. Einnig kemur fram að markviss vinnubrögð í íslensku hafi meðal annars skilað ánægðari nemendum og betri hegðun.
- Skólareglur eru skýrar að mati rýnihópa og viðbrögð við agabrotum einnig, en að mati kennara í rýnihópi getur liðið of langur tími þangað til tekið er á málum.
- Í flestum kennslustundum sem heimsóttar voru mátti sjá styrka stjórn kennara og góðan vinnufrið (sjá fylgiskjal; vettvangsathuganir).
- Í foreldrakönnun 2010 kom fram að um 76% svarenda í Hamraskóla fannst aginn hæfilegur sem er undir meðaltali í borginni allri (tæp 83%).

Viðhorf foreldra og þátttaka í skólastarfi

- Í skólanámskrá kemur fram að starfsfólk Hamraskóla leggur á það áherslu að samstarf heimilis og skóla byggist á gagnkvæmu trausti og virðingu.
- Í heildina kom skólinn frekar vel út í foreldrakönnuninni fyrir árið 2010. Um þrír af hverjum fjórum voru ánægðir með skólann og um tveimur af hverjum þremur fannst skólanum vel stjórnað. Í báðum tilvikum hafði skólinn hækkað töluvert frá könnuninni á undan.
- Í spurningu um stjórnun skólans töldu 66% foreldra skólanum vera vel stjórnað.
- Ánægja foreldra með umsjónarkennara barnanna var mikil í skólanum í könnuninni árið 2010.
- Um 89% svarenda fannst skólinn gera *hæfilegar* námslegar kröfur til barnsins síns, 80% fannst heimavinna barnsins *hæfileg* og 76% fannst aginn *hæfilegur*.

- Foreldrar í rýnihópi segja aðgengi að kennurum gott, sérstaklega í yngstu bekkjunum og flestir senda vikulega upplýsingar um nám barnanna, hvað er fram undan og hvað er verið að leggja áherslu á.
- Almennir foreldrar vel upplýstir um skólastarfið að þeirra mati. En skólinn mætti gera meira til að hvetja foreldra til þátttöku í skólastarfinu og eiga frumkvæði að því kemur fram í rýnihópnum.
- Styrkur skólans er lestrarkennslan sem er frábær hjá yngstu nemendum að mati rýnihóps foreldra, „börn læra að lesa mjög hratt“. Frábærir kennarar og frábært starf, segja foreldrar. Stjórnendur mættu gera meira af því að segja frá hvað skólinn er að gera og auglýsa góðan árangur,
- Skólaráð fundar einu sinni í mánuði, það starfar skv. lögum og reglugerð, þar situr skólastjóri og þrjár fulltrúar starfsmanna skólans auk fulltrúa foreldra og nemenda.
- Foreldrafélag er starfandi við skólann, í skólanámskrá kemur fram að allir foreldrar og forráðamenn nemenda í skólanum eru félagar. Markmið félagsins er meðal annars að stuðla að góðu samstarfi heimila og skóla og styðja við félagslíf nemenda.
- Fram kemur að formaður foreldrafélags óskaði eftir meiri beinum samskiptum við skólastjórnendur og var tekið vel í það. Síðan hefur samstarfið gengið vel og nú er verið að semja samstarfsáætlun foreldra og skólans.

Verklag

Fjölbreyttar leiðir í námi

- Gildi skólans eru: Góðvild – Ábyrgð - Tillitssemi. Markmið skólastarfsins eru skýrt sett fram í skólastefnu.
- Markmið náms í íslensku eru sett fram í lotuskipulagi fyrir 1.-5. bekk, þar kemur fram að hvaða markmiðum er unnið á hverjum tíma. Nánari útfærsla á hverri lotu er birt fyrir árganginn og nær þá til bóklegra greina.
- Kennsluáætlanir eldri nemenda virðast ýmist gerðar fyrir önnina eða allan veturinn í hverri námsgrein. Þar kemur fram að hvaða viðfangsefnum unnið er á hverju tímabili eða lotu, hvað námsefni er stuðst við og hvernig námsmati er háttað.
- Samkennsla árganga er að nokkru leyti í 2. og 3. bekk og 4. og 5. bekk.
- Í 1.-7. bekk er lögð áhersla á að vinna með ólíkar þarfir stelpna og stráka í námi og taka kennsluáferðir mið af því.
- Áferðir í kennslu eru mismunandi eftir kennurum og greinum, segir í rýnihópi nemenda, en almenn er kennslan „fin“ að þeirra mati. Heimanám er „passlegt“ segja unglingarnir, en samt mismikið eftir kennurum.
- Í vettvangsathugunum voru nemendur oftast að vinna að verkefnum undir stjórn kennara, allir að sama eða hliðstæðu verkefni í um 37% þeirra stunda sem heimsóttar voru, bein kennsla/innlögn/umræður voru í um 30% stunda
- Af þeim kennslustundum sem heimsóttar voru teljast 29% stunda frábærar, 65% góðar og 6% viðunandi. Engin kennslustund var óviðunandi.
- Í flestum kennslustundum sem heimsóttar voru mátti sjá styrka stjórn kennara og góðan vinnufrið.
- Í skólanámskrá er fjallað um sérstöðu skólans, hún birtist m.a. í því að unnið er eftir heildstæðu agakerfi og kennarar við skólann eru að þróa heildstæða samfellda íslenskukennslu í 1.-7. bekk.
- List- og verkgreinakennsla er kennd í hringekju. Hver nemandi fær kennslu í viðkomandi grein fjórðung skólaársins. Samkennt er í tveimur aldurshópum nema í 1. og 7. og 8. bekk

- Boðið er upp á val í um 15 valgreinum í 9.-10. bekk. Til að auka fjölbreytnina í valáföngum er boðið upp á sameiginlegt val í grunnskólunum í Grafarvogi
- Starfsemi skólasafnsins felst m.a. í útlánum og stefnt er að því að allir nemendur fái reglulega tíma á safninu til að læra á safnið, fá sögustundir og leita heimilda
- Fram kemur í skólanámskrá að lögð er áhersla á að meta árangur nemenda með fjölbreyttum námsmatsaðferðum bæði formlega og óformlega, Nemendur fá vitnisburð tvisvar á skólaárinu, í janúar og júní
- Skólastarfið var metið út frá matstæki um einstaklingsmiðað nám og er skólinn í flestum þáttum kominn nokkuð áleiðis í átt til einstaklingsmiðaðs náms, heildarútkoma er 3.5 stig á kvarðanum 1-5. Lengst er skólinn kominn í viðhorfastoðinni og nemendastöðinni.

Skóli án aðgreiningar

- Aðstoðarskólastjóri er heldur utan um stoðþjónustu í skólanum. Fagstjóri stýrir daglegu starfi og fundum sérkennara
- Í skólanámskrá, kafla um stoðkerfi skólans kemur fram að unnið er eftir stefnu um skóla án aðgreiningar og sérkennslan byggir á grunnskólalögum, aðalnámskrá grunnskóla og stefnu borgarinnar um sérkennslu
- Sérkennsluþörfum er mætt á mismunandi hátt eftir aldurstigum. Á yngri stigi fer sérkennsla ymist fram í námsveri eða inni í bekkjum og stuðningsfulltrúar eru kennurum til aðstoðar í nokkrum bekkjardeildum. Á eldri stigi er rekið námsver þar sem nemendur fá aðstoð til lengri eða skemmri tíma, eftir þörfum hverju sinni.
- Greiningar og skimanir eru lagðar fyrir nemendur eftir þörfum.
- Einstaklingsnámskrár og –áætlanir eru gerðar af sérkennara og síðan lagðar fyrir foreldra til samþykktar, segir í rýnihópi um sérkennslu. Einnig eru nokkrir nemendur með aðlagða námskrá.
- Viðhorf starfsfólks og nemenda er almennt mjög jákvætt gagnvart sérkennslunemendum, en meiri vandi fylgir nemendum með hegðunarvanda og segir í rýnihópi.
- Samvinna í skólanum er mikil og gott að leita til allra að mati rýnihóps um sérkennslu.
- Námsráðgjafi þjónustar alla nemendur og hefur skilgreint hlutverk.
- Stuðningsteymi (lausnateymi) er starfandi við skólann.
- Hlutverk nemendaverndarráðs er að samræma störf þeirra sem sjá um málefni einstakra nemenda varðandi sérfræðiþjónustu, námsráðgjöf og heilsugæslu.
- Sérdeildin Hamrasetur var stofnuð haustið 1996. Deildin er ein fjögurra sérdeilda í grunnskólum á höfuðborgarsvæðinu fyrir nemendur með einhverfu. Unnið er eftir TEACCH líkani sem felur í sér mjög nákvæmt sjónrænt skipulag á tíma og verkefnavinnu. Allir nemendur taka þátt í list- og verkgreinatímum með sínum heimabekk og frá einum og upp í fleiri bóklega tíma.

Skólaþróun og mat

- Í ljósi innra mats á skólastarfi Hamraskóla, stefnumótunar Hamraskóla og stefnumótunar Menntasviðs Reykjavíkur var unnin aðgerðaáætlun fyrir Hamraskóla fyrir skólaárið 2010-2011 og uppfærð haust 2011.
- Kennarar í 1.-7. bekk hafa hlotið styrki frá menntaráði Reykjavíkur og Kennarasambandi Íslands til að þróa heildstæða samfellda íslenskukennslu
- Hamraskóli er þátttakandi í sameiginlegu þróunarverkefni Hamra-, Laugarnes- og Álftramýrarskóla í samstarfi við Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur um þróun viðmiða um gæði kennslu.
- Skólinn hefur sótt um að gerast heilsuefandi skóli.

- Margvíslegt umbóta- og þróunarstarf hefur átt sér stað í Hamraskóla síðastliðin ár. Má þar nefna samstarf nemenda og kennara innan og á milli árganga, þróun námsmats, fjölbreyttar kennsluáferðir o.fl
- Árin 2003-2006 var Hamraskóli móðurskóli í samstarfi leik- og grunnskóla. Á því starfi hefur verið byggt áfram og nú er verið að þróa samstarf við fleiri leikskóla í grenndinni.
- Þegar sjálfsmat Hamraskóla var metið í úttekt á vegum Menntamálaráðuneytisins vorið 2007 uppfyllti skólinn viðmið um sjálfsmatsáferðir og framkvæmd sjálfsmats að hluta.
- Sjálfsmatskýrsla fyrir skólaárið 2010-2011 liggur fyrir við matið. Hún er sett upp í Skólaspeglinum.
- Settar eru fram sjö matsspurningar. Greindir eru sterkir og veikir þættir í skólastarfinu út frá matsspurningum og settir fram umbótaþættir í fimm liðum

Virk upplýsingamiðlun

- Í Hamraskóla er skráninga- og upplýsingakerfið *Mentor.is* notað til upplýsingamiðlunar. Á mentor.is geta foreldrar séð dagskrá barna sinna, ástundun, námsáætlanir, heimavinnu, tilkynningar frá skólanum, skóladagatal og fleira.
- Í foreldrakönnun 2010 sögðust rúm 84% foreldra barna í skólanum vera ánægð með upplýsingagjöf frá skólanum, þar af voru um 31% mjög ánægð. Þetta skilaði skólanum meðaltalinu 4.2 í spurningunni, sem er aðeins yfir meðaltali í Reykjavík (4,1).
- Foreldrar í rýnihópi nokkuð ánægðir með upplýsingar skólanum og frá kennurum.
- Starfsáætlun og skólanámskrá Hamraskóla fyrir skólaárið 2011-2012 liggja fyrir við matið og er þar gerð grein fyrir flestum þáttum skólastarfsins
- Bæði skólanámskrá og starfsáætlun eru í góðu samræmi við skyldur laga og stefnumótunar borgarinnar og að sumu leyti til fyrirmyndar. Þó skal bent á að við skoðun á heimasíðu (nóv. 2011) er þar að finna útgáfur skólaársins 2010-2011.
- Nemendur gera almennt ekki eigin áætlanir um nám sitt. Einstaklingsnámskrár eða aðlagðar námskrár eru gerðar fyrir þá sem njóta sérkennslu.
- Námsáætlanir nemenda er að finna í Mentor en þær liggja ekki fyrir við matið. Markmið náms í íslensku eru sett fram í lotuskipulagi fyrir 1.-5. bekk, þar kemur fram að hvaða markmiðum er unnið á hverjum tíma.
- Heimasíða Hamraskóla er nokkuð aðgengileg og fréttir virðast uppfærðar reglulega.
- Upplýsingar fyrir foreldra um skólastarfið birtast í skólanámskrá. Upplýsingar eru á síðunni um skólaráð, skipan þess og hlutverk og fundargerðir eru birtar. Upplýsingar eru um stjórn foreldrafélags og starfsemi foreldrafélags.
- Í rýnihópi foreldra kemur fram það álit að heimasíðan sé mjög virk en ekki mikið skoðuð þó þar séu gagnlegar upplýsingar og fréttir.
- Upplýsingar fyrir nýbúa á erlendum tungumálum vantar á síðuna og ekki fundust upplýsingar um mötuneyti, annars er þar fjallað um nær allt sem ætlast er til að þar sé að finna (sjá fylgiskjal; gátlisti um heimasíðu).

Öruggt, heilnæmt og vistvænt skólaumhverfi

- Hamraskóli stefnir að því að verða heilsueflandi skóli þar sem áhersla er lögð á hollustu, hreyfingu og heilbrigði nemenda og starfsmanna.
- Umhverfisstefna hefur ekki verið unnin fyrir skólann og ekki verður séð að sérstök áhersla hafi verið lögð á vistvænan rekstur.
- Rýmingaráætlun skólans liggur fyrir og er uppi við í skólastofum. Rýmingaræfing skal haldin tvisvar á skólaári, segir í skólanámskrá.
- Lagt er upp úr að vinnuástanda og umhverfi sé gott.
- Áhættumat liggur ekki fyrir þegar skýrsla um heildarmat er rituð.

Mannauður

Starfsánægja og líðan starfsmanna

- Hamraskóli komið nokkuð vel út í starfsánægjukönnunum sem gerðar hafa verið á vegum Reykjavíkurborgar.
- Í rýnihópum og viðtölum kom fram að starfsmenn eru almennt mjög ánægðir í störfum sínum í skólanum, starfsandi væri góður og samstarfið gott. Það kom þó fram að í haust væri að greina ákveðna deyfð yfir starfsmannahópnum sem tengja mætti fyrirhuguðum breytingum með flutningi unglingadeildar og því óöryggi sem starfsmenn upplifðu þeim tengdum.
- Starfsmenn lýstu yfir mikilli ánægju með samstarfið í skólanum og gott væri að leita til samstarfsmanna.
- Athuga má hvort hægt sé að koma til móts við athugasemdir starfsmanna um aðbúnað á vinnustaðnum.

Símenntun og starfsþróun

- Símenntunaráætlun Hamraskóla gerir ráð fyrir þátttöku allra starfsmanna en skilgreina mætti betur símenntunaráherslur skólans og markmiðum í áætluninn.
- Í greinargóðri aðgerðaáætlun fyrir árið 2010-2011 koma fram ítarleg markmið Hamraskóla í tengslum við stefnuáherslur Reykjavíkurborgar í menntamálum þar sem aðgerðir eru skilgreindar.
- Starfsfólk er ánægt með þróunarstarfið í skólanum og telur það hafa eflt mjög skólstarfið.
- Fólk telur símenntun vera í góðum farvegi og hvatt væri til hennar.
- Fram kom í rýnihópi að starfsmannasamtöl væru valkvæð og skiptar skoðanir eru gagnsemi þeirra.

Viðhorf starfsmanna til stjórnunar

- Í rýnihópum og viðtölum var talað vel um stjórnendur og kom fram að aðgengi að þeim væri gott og gott væri að leita til þeirra.
- Skólastjóri er sagður sýnilegur í daglegu starfi skólans og í góðum tengslum við nemendur.
- Stjórnendur koma nokkuð í kennslustundir en kennarar vilja sjá meira af stjórnendum í kennslustundum og í unglingadeild.
- Almennt álíta starfsmenn stjórnun vera lýðræðislega en einhverjir telja að starfsmenn mættu hafa meiri áhrif.

Fjármál

- Hamraskóli skilaði rekstraráætlun fyrir árið 2011 á tilsettum tíma og var hún innan fjárheimilda skólans.
- Útgjöld árið 2010 voru innan marka heildarfjárheimilda.
- Gæta þarf að góðri og hagkvæmri nýtingu og stýringu fjármála.

Heimildir

Aðalnámskrá fyrir grunnskóla. 2011.

Einsetning grunnskóla Reykjavíkur. Sögulegt yfirlit 1994-2002.2002. Reykjavík. Fasteignastofa ReykjavíkurHamrar, Fræðslumiðstöð Reykjavíkur.

Lög um grunnskóla nr. 91/2008.

Námsmatsstofnun: <http://www.namsmat.is/vefur/rannsoknir/pisa.html>.
Skoðað 25. nóvember 2008.

Niðurstöður lesskimunar í 2. bekk. Hamraskóli vorið 2011. Reykjavík: Menntasvið Reykjavíkurborgar.

Skólanámskrá Hamraskóla skólaárið 2011-2012.

Skólapúlsinn. www.skolapulsinn.is

Skýrsla um samræmd könnunarpróf í 4., 7. og 10. bekk 2009. Reykjavík. Námsmatsstofnun.

Starfsáætlun Hamraskóla skólaárið 2011-2012. Hamraskóli.

Stefna og starfsáætlun Menntasviðs Reykjavíkurborgar 2011. Reykjavík: Menntasvið Reykjavíkurborgar.

Niðurstöður úr Talnalykli í Hamraskóla haustið 2010.

Ungt fólk 2009. 5., 6. og 7. bekkur. Hagir og líðan barna á Íslandi, íþróttá- og tómstundaiðja, nám og skóli, samband við fjölskyldu og vini, lestur, miðlar og tækjæign. Reykjavík. Rannsóknir og greining.

Viðhorf foreldra til grunnskólastarfs í Reykjavík. 2010. Hamraskóli. Reykjavík: Menntasvið Reykjavíkurborgar.

Viðhorfskönnun meðal starfsmanna Reykjavíkurborgar 2009. Hamraskóli. Reykjavík: Mannauðsskrifstofa.

www.Hamraskoli.is

Fylgiskjöl

1. Matstæki um einstaklingsmiðað nám
2. Viðmið um mat á gæðum kennslustundar
3. Vettvangsathuganir - trúnaðarskjal
4. Gátlisti um skólanámskrá
5. Gátlisti um starfsáætlun
6. Gátlisti um heimasíðu
7. Gátlisti um skólareglur
8. Breytingar framundan